# FRÉTTABLAÐIÐ

92. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 20. APRÍL 2018




Leiða má líkur að því að það hafi verið einhvers konar fiskur í kvöldmatinn hjá þessum herramanni sem kastaði í gríð og erg á hafnarsvæðinu í Hafnarfirði þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í gær. Ekki liggur fyrir hver afli veiðimannsins var. Trúlega var þó um fyrstu veiðiferð sumarsins að ræða hjá kappanum, enda sumardagurinn fyrsti í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Yfirlýsing frá Sindra: „Ég kem fljótlega“

**Sindri Þór Stefánsson, sem strauk úr fangelsinu að Sogni og flúði land aðfaranótt þriðjudags, sendi Fréttablaðinu yfirlýsingu, þar sem hann útskýrir sína hlið máls.**

Sindri Þór Stefánsson, fanginn sem strauk úr fangelsinu að Sogni og flúði land aðfaranótt þriðjudags, fullyrðir að sér hafi verið haldið í fangelsi án dóms og laga og segist ætla að sanna það. Sindri hefur sent Fréttablaðinu yfirlýsingu þar sem hann útskýrir sína hlið málsins og segist ætla að koma heim fljótlega.

Sindri vísar til þess að gæsluvarðhaldsúrskurður yfir honum hafi ekki verið í gildi þegar hann lagði á flótta frá Sogni. Hann var leiddur fyrir dómara síðastliðinn þriðjudag, daginn sem úrskurðurinn féll úr gildi, en dómari tók sér sólarhrings frest til að ákveða sig. Sindri segist í kjölfarið hafa verið upplýstur um að í raun væri hann frjáls ferða sinna, en að hann yrði handtekinn ef hann yfirgæfi fangelsið án skýringa.

„[...]en undir þeirri hótun að lögreglan myndi handtaka mig ef ég yfirgæfi fangelsið án skýringa. Ég var neyddur til að undirrita pappír sem á stóð að ég væri frjáls ferða minna en ef ég færi mundi ég gista í fangaklefa þar til framlenging á gæsluvarðhaldi væri samþykkt,“ segir Sindri, sem sætir haldi vegna gruns um aðild að þjófnaði á um 600 tölvum úr þremur gagnaverum í Reykjanesbæ.

„Ég mundi aldrei reyna að flýja fangelsi ef ég væri löglega sviptur frelsi mínu af ákvörðun dómara, það er staðreynd,“ bætir hann við.

Þá segist hann hafa verið í gæsluvarðhaldi, í tvo og hálfan mánuð, að ósekju og án sönnunargagna. Hann ætlar að kæra málið til Mannréttindadómstóls Evrópu. „Mér hefur ekki verið birt eitt einasta sönnunargagn og mér var ógnað og hótað lengri einangrun meðan einangrun átti sér stað. Mér var margoft sagt að ég fengi að ganga út ef ég myndi staðsetja svokallað þýfi sem ég er grunaður um að hafa stolið. Ég var látinn dúsa í einangrun, sem refsing, því þeir fundu ekki þetta þýfi. Án sönnunar.“

Sindri tekur fram að hann harmi það að hafa valdið ástvinum sínum hugarangri og viðurkennir að það hafi verið röng ákvörðun að flýja. Hvað sem því líður þurfi hann og muni takast á við þá stöðu sem hann sé í.

„Unnið er að því að semja við lögregluna á Íslandi um að ég fái að koma heim án þess að vera handtekinn erlendis. Einnig að þetta skjal fái að koma upp á yfirborðið sem sýnir og styður það sem ég segi um að ég hafi verið frjáls ferða minna. Ég get verið á flótta eins lengi og ég vil, ég er kominn í samband við hóp fólks sem gefur mér þak yfir höfuðið, farartæki, þess vegna fölsuð skilríki ef ég vil og peninga til að lifa. Það væri ekkert mál ef ég myndi vilja það, en ég vil heldur og ætla að takast á við þetta heima á Íslandi svo ég kem fljótlega.“

Ítarlega umfjöllun og yfirlýsinguna í heild er að finna á vef Fréttablaðsins, frettabladid.is. – sks

## Stærsta yfirtaka frá hruni í kortunum

**VIÐSKIPTI** Útgerðarfélagið Brim þarf að gera tilboð til yfirtöku á HB Granda eftir að félagið keypti 34,1% eignarhlut í félaginu upp á tæplega 21,7 milljarða. Ef af yfirtökunni verður er verðmiðinn um það bil 65 milljarðar króna. Lög kveða skýrt á um að hafi hluthafi samanlagt eignast 30 prósent atkvæðisréttar í félagi sem er skráð í Kauphöllinni skal sá hinn sami gera öðrum hluthöfum félagsins tilboð um að kaupa hluti þeirra. Fjármálaeftirlitið hefur málið til skoðunar. „Okkur langar ekki til að gera þetta tilboð, en það er skylda. Okkar von er að núverandi hluthafar verði áfram í félaginu,“ segir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri og eigandi Brims. – ósk / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag



Halldór


**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson skrifar um styttingu framhaldsskóla. 11

**SPORT** Úrslitaeinvígi Tindastóls og KR hefst í kvöld. 12

**MENNING** Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn fagnar 200 ára afmæli sínu með sögusýningu. 20

**LÍFIÐ** Foreldrasamtök gegn áfengisauglýsingum gagnrýna KSÍ harðlega. 26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **SUMARDEKK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










Hæg norðlæg eða breytileg átt í dag. Dálítil væta norðanlands, einkum með ströndinni, en stöku skúrir um sunnanvert landið. Hiti víða 5 til 10 stig að deginum. SJÁ SÍÐU 16

## Svasíland verður Esvatíní

**SVASÍLAND** Mswati þriðji, konungur Svasílands, tilkynnti í gær að nafn ríkisins yrði framvegis Konungsríkið Esvatíní. Svaslendingar fagna um þessar mundir því að fimmtíu ár eru liðin frá því ríkið fékk sjálfstæði sem og fimmtíu ára afmæli konungs.

Nafnbreytingin ætti lítið að koma á óvart enda hefur Mswati þriðji kallað ríki sitt Esvatíní svo árum skiptir. Það gerði hann á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í fyrra og einnig í stefnuræðu sinni árið 2014 svo fátt eitt sé nefnt.

Nomsa Maseko, fréttamaður BBC í Svasílandi, segir að ekki séu allir sáttir við breytinguna. Sumum finnst að kóngurinn ætti að einbeita sér að efnahagsmálunum.

Svasíland, eða öllu heldur Esvatíní, er síðasta ríki Afríku þar sem konungur er einvaldur. Auk Esvatíní er sama fyrirkomulag í Brúnei, Óman, Katar, Sádi-Arabíu, Sameinuðu arabísku furstadæmunum og svo Páfagarði. **– þea**

## Risavaxið ver Baltasars opnað

**VIÐSKIPTI** Fyrsti áfangi kvikmyndaþorps RVK Studios í Gufunesi var opnaður formlega í gær. Um er að ræða nærri 2.580 fermetra kvikmyndaver og nemur lofthæð þess um átján metrum.

Baltasar Kormákur, eigandi RVK Studios, sagði í samtali við Stöð 2 í gær að verið væri álíka stórt og stærsta kvikmyndaver Bretlands.

Búist er við því að fjöldi framleiðenda, jafnt erlendra sem innlendra, leiti eftir því að taka upp kvikmyndir og sjónvarpsefni í kvikmyndaverinu. **– þea**



**Baltasar Kormákur**

# Fyrsta hlaup sumarsins



**Víðavangshlaup ÍR fór fram í 103. sinn í gær. Fjölmargir hlaupagarpar nýttu þennan fyrsta sumardag til að hlaupa þessa fimm kílómetra sem Víðavangshlaupið er. Þótt um sumardaginn fyrsta hafi verið að ræða er ekki hægt að segja að hann hafi verið mjög sólríkur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Danir þróa lygamælisapp

**TÆKNI** Rannsakendur við Kaupmannahafnarháskóla munu í dag birta afrakstur rannsóknar sinnar og vinnu að snjallsímaforriti sem getur sagt til um hvort notandi símans sé fullkomlega heiðarlegur eða ekki. Cnet greindi frá í gær.

Appið hefur fengið heitið Veritaps og virkar þannig að fylgst er með því hvernig notandinn ýtir á eða dregur fingurinn eftir snertiskjánum. Samkvæmt rannsókninni eru handahreyfingar meiri þegar notandinn er óheiðarlegur og mun appið þá birta rautt spurningarmerki.

Í viðtali við Cnet sagði Aske Mottelson, einn rannsakenda, að appið sé sambærilegt lygamæli. Hins vegar sé það ekki fyllilega áreiðanlegt og því ætti ekki að nota það í dómsal.

Sé notandinn að segja satt birtist grænt merki eftir að notandinn hefur til að mynda skrifað setningu, annars rautt. **– þea**

# Fuglahræður vernda fuglana frá hreyflum

**Mikil vinna lögð í að minnka líkur á árekstrum dýra við flugvélar. Árekstrar við fugla voru 36 í fyrra á flugvallarsvæðum Isavia. Hreindýr, tófur og kanínur hafa ratað inn á flugvallarsvæðin. Beita meðal annars sírenum og púðurskotum.**

**DÝR** Á síðasta ári urðu samtals 36 árekstrar við fugla á flugvallarsvæðum Isavia. Þetta kemur fram í nýlegri ársskýrslu félagsins fyrir síðasta ár, í kafla sem fjallar um umhverfismál. 14 árekstrar urðu við fugla á Keflavíkurflugvelli og 22 á innanlandsflugvöllum.

Í skýrslunni segir að flugvallarsvæðin séu fjölbreytt hvað varðar lífríki og að vel hafi verið fylgst með dýralífi svæðanna í áraraðir, sérstaklega með tilliti til ásóknar dýra og fugla.

Þá séu fælingar og búsvæðastjórnun dýra mikilvægur þáttur í rekstri flugvalla til að minnka líkur á árekstri dýra og flugvéla og tryggja þannig öryggi farþega. Aðallega er um að ræða fugla en þó eru dæmi um að fæla hafi þurft hreindýr, tófur og kanínur af flugvallarsvæði.

„Maðurinn er hluti af vistkerfinu og hann hefur sín sérkenni, mikla tækni og hluti sem eru ekki beinlínis náttúrulegir, svo stundum verða árekstrar milli mannsins og dýranna,“ segir Hallgerður Hauksdóttir, formaður Dýraverndarsamtaka Íslands, í samtali við Fréttablaðið. Hún segir það hörmulegt þegar fuglar fljúga inn í hreyfla og annað þvíumlíkt en það sé ómögulegt að komast hjá því, nema þá með því að hætta að fljúga.

Hún segist þó ímynda sér að notaðar séu öflugar fælingar í ljósi hættunnar sem slíkir árekstrar kunni að skapa. „Það eru alls konar spurningar sem kvikna hjá mér. Þetta eru markvissar aðgerðir í raun og veru gegn dýrunum og ég hefði alveg áhuga á að vita hvað er verið að gera, hvaða aðferðum er verið að beita.“



**Á vef Isavia kemur fram að í grennd Keflavíkurflugvallar á Miðnesheiði sé að finna eitt af stærri varplöndum silamávs.** FRÉTTABLAÐIÐ/ ANDRI MARINÓ

> **Maðurinn er hluti af vistkerfinu og hann hefur sín sérkenni, mikla tækni og hluti sem eru ekki beinlínis náttúrulegir, svo stundum verða árekstrar.**
>
> Hallgerður Hauksdóttir, formaður dýraverndarsamtaka Íslands



Gunnar Sigurðsson, markaðsstjóri og staðgengill upplýsingafulltrúa Isavia, taldi upp ýmsar aðferðir sem notaðar eru til fælingar. Til að mynda aki bílar í kringum brautirnar með sírenur í gangi, stundum séu notaðar byssur sem skjóta púðurskotum svo fuglunum verði ekki meint af.

Sums staðar er einni af elstu brellunum í bókinni beitt, fuglahræðum. Fuglahræðurnar eru jafnvel klæddar fötum til að líkjast sem best okkur mannfólkinu.

**gretarthor@frettabladid.is**






HYBRID **Orkuskiptin eru hafin!** Gríptu tækifærið og kauptu Hybrid á góðum kjörum.

## Fágaður Auris á frábæru verði

Að fara af stað út í hvern dag á nettum og nýstárlegum Yaris er ómetanlegt. Þannig byrja allar ferðir vel, jafnt styttri sem lengri.
Þessi pottþétta týpa er hlaðin orku og endurbættu Hybrid kerfi sem gerir þér fært að fljúga gegnum daginn.
Komdu og reynsluaktu Yaris orkubolta hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með Yaris**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**Vildarpunktar Icelandair með öllum nýjum Toyotum**

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# 65 milljarða yfirtaka í pípunum þvert á vilja stærsta hluthafans

**VIÐSKIPTI** Útgerðarfélaginu Brimi ber lagaleg skylda til yfirtökutilboðs í HB Granda, eftir að félagið keypti 34,1% eignarhlut Kristjáns Loftssonar og Halldórs Teitssonar í HB granda í viðskiptum upp á tæplega 21,7 milljarða króna á miðvikudag. Guðmundur Kristjánsson, forstjóri og eigandi Brims, segist vonast til þess að sem flestir hluthafar verði áfram í HB Granda.

Lög um verðbréfaviðskipti kveða skýrt á um að hafi hluthafi samanlagt eignast að minnsta kosti 30 prósent atkvæðisréttar í félagi sem skráð er í Kauphöll skuli sá hinn sami gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð. Það er, tilboð um að kaupa hluti þeirra í félaginu.

> Okkur langar ekki að gera þetta tilboð, það er bara skylda. Okkar von er að núverandi hluthafar verði áfram í félaginu



Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims

Fjármálaeftirlitið hefur málið til skoðunar. Guðmundur segist ekki vilja að Brim taki HB Granda yfir. „Við þurfum að gera yfirtökutilboð innan fjögurra vikna, en við höfum hug á að halda HB Granda á markaði. Okkur langar ekki til að gera þetta tilboð, en það er skylda. Okkar von er að núverandi hluthafar verði áfram í félaginu.“ Aðspurður segist Guðmundur ekki hafa klárað fjármögnunina alla, en geta selt hluta af eignum Brims til að tryggja fjármagn ef til yfirtöku kemur. „Maður má ekki bara kaupa og borga ekki upp.“

Brim skuldaði um 32 milljarða samkvæmt ársreikningi 2016, en eigið fé var um 22 milljarðar. Ársreikningur ársins 2017 hefur ekki verið birtur.

Samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti skal verð það sem sett er fram í yfirtökutilboði vera að lágmarki jafnhátt og síðasta viðskiptaverð hluta í viðkomandi félagi áður en tilboðsskylda myndaðist. Kaupverðið yrði því um 65 milljarðar, miðað við að kaupverðið sé 35 krónur á hvern hlut líkt og í viðskiptum með bréf félagsins í vikunni. – ósk

## Kísilverið á Bakka í gang bráðlega

**VIÐSKIPTI** Gert er ráð fyrir að framleiðsla geti hafist í kísilveri PCC á Bakka innan tveggja mánaða.

Ríkisútvarpið greindi frá því í gærkvöldi að verið væri að gera lokaprófanir á öryggis- og tæknimálum í fyrirtækinu.

Í viðtali við sama miðil sagði Hafsteinn Viktorsson, forstjóri PCC Bakki Silicon, að verkefnið væri gríðarlega flókið þar sem verksmiðjan væri meira og minna öll tölvustýrð.

Síðar í þessari viku stendur til að gangsetja annan ofn kísilversins. Mun hann þá þurfa að hitna í rúma viku áður en fullu afli er náð. Lengra er í að seinni ofn kísilversins verði gangsettur. – þea

## Vilji fyrir algerri afvopnun

**NORÐUR-KÓREA** Yfirvöld í Norður-Kóreu hafa tjáð nágrönnum sínum í suðri vilja sinn til þess að afkjarnorkuvæða Kóreuskaga alfarið. Engin ósanngjörn skilyrði hafa verið sett fram fyrir afkjarnorkuvæðingunni. Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu, greindi frá þessu í gær en einræðisríkið hefur unnið að því undanfarin ár að koma sér upp kjarnorkuvopnabúri.

„Ég held að við leggjum nákvæmlega sama skilning í orðið afkjarnorkuvæðing,“ sagði Moon. Aukinheldur sagði hann að það ætti ekki að vera erfitt að ná samkomulagi um frið, afkjarnorkuvæðingu og bætt samskipti Kóreuríkjanna á leiðtogafundi sem hann sækir ásamt Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, í lok mánaðar.

„Þeir hafa ekki sett fram nein skilyrði fyrir afkjarnorkuvæðingu sem Bandaríkin gætu ekki samþykkt. Til að mynda hafa þeir ekki krafist þess að bandarískir hermenn fari frá Suður-Kóreu.“ – þea

# Þróa leiðir til gjaldtöku og geta fylgst með átroðningi um leið

**Íslenskt fyrirtæki þróar kerfi sem sinnir gjaldtöku og fylgist með álagi á einstökum svæðum. Staðarhaldarar geta þannig miðað gjaldtöku við ásókn. Ráðherra segir þjónustugjöld sjálfsögð en mikilvægt sé að virða almannarétt. Kallað hefur verið eftir lausnum á átroðningi ferðamanna á vinsælum svæðum víða um land.**



Til stendur að setja upp búnað fyrirtækisins við Jökulsárlón til að greina fjölda gesta FRETTABLAÐIÐ/JOI K.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Íslenskt fyrirtæki hefur unnið að lausnum til að auðvelda gjaldtöku á ferðamannastöðum. Ægir Finnsson, tæknistjóri fyrirtækisins, Computer Vision, segir að með kerfi fyrirtækisins sem kallast Smart Access megi fylgjast með álagi á ferðamannastöðum og jafnvel stýra aðgengi. Hann segir fyrirtækið vilja skoða slíka aðgangsstýringu þegar búið er að setja kerfið upp á fleiri stöðum. „Ferðaþjónustuaðilar geta annaðhvort sniðið gjaldskrá eftir álagstímum eða sett upp kvóta inn á svæðið.“

Fyrirtækið hefur unnið með Vatnajökulsþjóðgarði að uppsetningu Smart Access kerfisins og er það í notkun í Skaftafelli og stefnt er að greiningu við Jökulsárlón. Ægir segir lausnir á átroðningi á ferðamannastöðum eðlilega vera mikið í umræðunni. Hann tekur Reykjadal og lokun göngusvæðisins þar sem nýlegt dæmi. „Það er búið að loka vegna þess að ásóknin er svo mikil á þeim tímum þegar svæðið er viðkvæmt. Ef fylgst hefði verið með ásókninni aftur í tímann hefði auðveldlega mátt stýra umferðinni.“

Ægir segir kerfið vera einfalt í notkun. Þegar ökumaður ekur inn á svæðið er hann upplýstur um að um gjaldsvæði sé að ræða. Myndavél greinir bílnúmer ökutækisins og skráir hjá sér hvenær bifreið er ekið inn á svæðið og af því. Ökumaður getur greitt í gegnum smáforrit, í greiðsluvél á staðnum eða á vefnum. Kerfið ber loks saman greiðslur í kerfinu og viðveru ökutækja. Fari ökumaður án þess að borga er eiganda bílsins send krafa í heimabanka.

Kerfið nýtir sér svo upplýsingar frá ökutækjaskrá til þess að greina aðsóknina. „Þar getum við séð stærð bíla og farþegafjölda. Með því að greina það yfir daginn, alla vikuna, allt árið getum við séð hvað eru margir inni á svæðinu í einu,“ útskýrir Ægir. Með því móti má greina hvenær mest ásókn er á svæðið og breyta gjaldinu í takt við það. „Svo er hægt að tengja þetta við veðurspá og þá geta staðarhaldarar áætlað út frá veðri hversu margir mæta og hagað gjaldskrá út frá því.“

gretarthor@frettabladid.is

### Mikilvægt að þjónustugjöld kosti uppbyggingu



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra ferðamála.

„Almennt finnst mér sjálfsagt og mikilvægt að þjónustugjöld séu notuð til þess að kosta uppbyggingu. Ég er almennt þeirrar skoðunar að þeir borgi sem nota og sömuleiðis skiptir það máli að sú gjaldtaka sé eins skilvirk og samræmd og kostur er,“ segir Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra ferðamála. Hún segir það skynsamlegt að lausnirnar séu stafrænar og fagnar því að íslenskt hugvit komi að uppbyggingunni.

Hún bendir einnig á að gjaldtaka sé ekki eina leiðin til aðgangsstýringar. Þá sé mikilvægt að virða almannarétt í lögum um náttúruvernd og að ferðamenn séu ekki rukkaðir fyrir það eitt að berja náttúruna augum. „Við höfum ekki viljað feta þá leið að rukka inn á staði þar sem engin þjónusta er veitt,“ bendir hún á í því samhengi.




RENAULT
Passion for life

# Nýr Renault **CAPTUR**

## Einn vinsælasti bíllinn í sínum flokki




## KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CAPTUR Í DAG

Renault Captur er einn af vinsælustu bílum landsins í sínum stærðarflokki. Þessi sparneytni og snaggaralegi bíll hefur slegið í gegn hjá kaupendum sem vilja bíl sem þægilegt er að stíga inn í, þeir sitja hátt í og sjá vel út um alla glugga.

Renault Captur er fáanlegur beinskiptur eða sjálfskiptur með bensín eða dísilvélum sem nota einungis frá 3,7l/100 km* í blönduðum akstri.

**Komdu og reynsluaktu nýjum Captur í dag.**

RENAULT CAPTUR ZEN

**Verð: 2.750.000 kr.**

E F

**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT"**

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM87071

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Facebook flýr evrópska löggjöf um gagnaöryggi

**TÆKNI** Facebook hefur fært ábyrgð á notendum sínum utan Bandaríkjanna frá alþjóðlegum höfuðstöðvum sínum á Írlandi og til höfuðstöðvanna í Kaliforníu. Með þessu kemst Facebook hjá því að fylgja nýrri löggjöf Evrópusambandsins um öryggi persónulegra upplýsinga. Guardian greindi frá þessu í gær.

Löggjöfin ber heitið General Data Protection Regulation (GDPR) og tekur gildi þann 25. maí næstkomandi. Ef Facebook hefði gerst brotlegt við hina nýju löggjöf gæti það þýtt sekt upp á fjögur prósent af veltu fyrirtækisins sem samsvarar um 160 milljörðum króna.

Talsmaður Facebook sagði við Reuters í gær að fyrirtækið myndi vernda upplýsingar allra notenda á sama hátt, hvort sem notandinn hefði samþykkt notendaskilmála í Bandaríkjunum eða á Írlandi. Breytingin hafi eingöngu verið gerð vegna þess að Evrópulöggjöfin fer fram á sérstakt orðalag í notendaskilmálanum en ekki sú bandaríska.



Mark Zuckerberg, forstjóri Facebook.

Athyglisvert er að skoða ummæli Marks Zuckerberg framkvæmdastjóra frá því fyrr í mánuðinum í ljósi þessara tíðinda.

Þegar Reuters spurði hvort hann gæti lofað því að GDPR-löggjöfinni yrði fylgt sagði Zuckerberg að Facebook myndi fylgja „anda löggjafarinnar“ á heimsvísu. Zuckerberg gaf svo álíka loðið svar þegar bandarískir þingmenn spurðu hann spjörunum úr.

Lukasz Olejnik gagnaöryggisfræðingur sagði við Guardian í gær að það væri síður en svo einfalt að færa upplýsingar eins og hálfs milljarðs notenda á milli landa. Aðgerðin væri áhyggjuefni.

„Þetta er mikil og fordæmalaus breyting. Breytingin leiðir af sér minni kröfur um öryggi persónulegra upplýsinga og minni réttindi notenda,“ sagði Olejnik við Reuters. **– þea**



Donald Trump, forseti Bandaríkjanna. NORDICPHOTOS/AFP

## Samflokksmenn vilja ekki styðja Donald Trump

**BANDARÍKIN** Stór hluti Repúblikana í bæði fulltrúa- og öldungadeild bandaríska þingsins er ekki tilbúinn til þess að lýsa yfir stuðningi við komandi forsetaframboð Donalds Trump, sitjandi forseta og samflokksmanns þeirra. CNN greindi frá í gær en Trump mun sækjast eftir endurkjöri árið 2020.

**Óvenjulegt þykir að þingmenn séu ekki reiðubúnir til þess að lýsa yfir stuðningi við endurkjör sitjandi forseta.**

Viðtöl CNN við tugi þingmanna Repúblikana leiddu í ljós að stór hluti þeirra var ekki tilbúinn til að lýsa yfir stuðningi. Það þótti blaðamönnum CNN óvenjulegt þar sem slíkur stuðningur við sitjandi forseta er nærri sjálfgefinn. Þá hafi næstum enginn lýst eindregnum stuðningi við Trump í viðtölunum.

Þrátt fyrir að Trump hafi nú þegar lýst því yfir að hann muni sækjast eftir endurkjöri voru ýmsir þingmannanna óvissir um að sú væri raunin. Þannig sagði Bill Huizenga, fulltrúadeildarþingmaður frá Michigan, að hann þyrfti fyrst að vita hvort Trump sæktist eftir endurkjöri til að hann gæti svarað spurningu CNN. **– þea**

# Nýjar niðurstöður lofa góðu í baráttunni gegn lungnakrabba

**Miklar vonir eru bundnar við frekari árangur í að virkja ónæmisfrumur í baráttunni við krabbamein. Ný rannsókn sýnir fram á það hvernig ný tegund lyfja eykur lífslíkur sjúklinga þegar þau eru notuð samhliða hefðbundnum krabbameinslyfjum. Krabbamein í lungum dregur um 1,7 milljónir manna til dauða árlega.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Mögulegt er að auka lífslíkur einstaklinga sem greinast með algengustu tegund lungnakrabbameins til muna með því að beita nýrri meðferð sem byggir á hefðbundinni krabbameinslyfjameðferð og nýju, ónæmishvetjandi lyfi.

Þetta er meginniðurstaða nýrrar og umfangsmikillar rannsóknar þar sem ávinningur lyfsins Keytruda fyrir einstaklinga með 4. stigs kirtilmyndandi lungnakrabbamein var kannaður í víðara samhengi en gert hefur verið áður.

„Þessar niðurstöður kalla á nýja staðla í meðferð við kirtilmyndandi lungnakrabbameini,“ sagði Leena Ghandi, fyrsti höfundur rannsóknarinnar, þegar hún kynnti niðurstöðurnar á ársþingi Bandarísku krabbameinssamtakanna (AACR) í Chicago fyrr í vikunni.

Í kringum 85 prósent allra lungnakrabbameina sem greinast eru af þessari tegund. Krabbamein í lungum dregur tæplega 1,7 milljónir manna til dauða árlega.

Rannsókn Ghandi, sem birt var í læknaritinu The New England Journal of Medicine fyrr í vikunni, var tvíblind rannsókn með samanburðarhópi sem fékk lyfleysu. Rannsóknin fór fram í 16 löndum og tók til 616 einstaklinga með 4. stigs krabbamein í lungum. Ríflega helmingur þátttakenda fékk hefðbundna lyfjameðferð auk 200 mg af Keytruda á þriggja vikna fresti. Samanburðarhópurinn fékk hefðbundna lyfjameðferð en lyfleysu í staðinn fyrir lyfið.

Lífslíkur fyrri hópsins ári eftir upphaf meðferðarinnar voru 69,2 prósent á móti 49,4 prósentum hjá samanburðarhópnum. Þessar niðurstöður hafa vakið mikla athygli og undirstrika þær miklu vonir sem bundnar eru við ónæmishvetjandi lyfjameðferðir við krabbameini.



Miklar vonir eru bundnar við ný ónæmishvetjandi lyf. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

„Það er verið að færa þessa ónæmishvetjandi meðferð framar og framar í línuna, og þetta er þróun sem átt hefur sér stað á allra síðustu árum,“ segir Örvar Gunnarsson, sérfræðingur í krabbameinslækningum á Landspítala.

Keytruda hefur verið í notkun á Landspítala, líkt og víðar, undanfarin misseri og gefið góða raun, en þá fyrir afmarkaðan hóp einstaklinga með kirtilmyndandi lungnakrabbamein. Þessi nýja rannsókn breytir því.

„Núna kemur í ljós að þetta [lyf] virkar fyrir alla sjúklinga með þessa tegund krabbameins.“

**Ef þú horfir aðeins örfá ár aftur í tímann vorum við þá að gera allt aðra hluti en í dag.**

Örvar Gunnarsson, sérfræðingur í krabbameinslækningum



Ónæmishvetjandi meðferðir við krabbameini hafa verið í þróun undanfarin ár. Í grunninn byggjast þær á að koma í veg fyrir eiginleika krabbameinsfrumunnar til að dulbúast fyrir árásarfrumum ónæmiskerfisins, sem eiga undir venjulegum kringumstæðum að ráðast gegn stökkbreyttum frumum. Hingað til hafa sex lyf verið samþykkt sem virkja ónæmisfrumur sjúklinga á þennan máta, þar á meðal Keytruda. Segja má að þessar nýju aðferðir hafi valdið hugarfarsbreytingu í krabbameinslækningum, og það á tiltölulega stuttum tíma.

„Ónæmisfræðilega nálgunin hefur gjörsamlega breytt nálgun okkar að krabbameinsmeðferðinni,“ segir Örvar. „Ef þú horfir aðeins örfá ár aftur í tímann vorum við þá að gera allt aðra hluti en í dag.“

Örvar ítrekar að Ísland sé ekki eftirbátur annarra í innleiðingu nýrra lyfja og meðferða. Keytruda er þegar í notkun hér á landi og eftir samþykki bandarísku og evrópsku lyfjastofnananna verður hægt að taka þessa nýju meðferð upp hér.

Um leið bendir Örvar á að þessi árangur muni aldrei nást fyrir alla sjúklinga. Krabbameinsmeðferðir verði með tímanum sífellt einstaklingsmiðaðri. Ekki megi vekja of miklar væntingar, því ein tiltekin meðferð hentar aldrei öllum sjúklingum.

Roy Herbst, prófessor við Yale-háskóla og einn virtasti krabbameinssérfræðingur Bandaríkjanna, undirstrikaði þetta á fundi AACR í vikunni. Hann hvatti vísindamenn til að stuðla að enn meiri framþróun með því að leita að lífsmörkum og ábendingum svo hægt verði að þróa meðferðir fyrir fleiri sjúklinga.

„Þrátt fyrir þessar einstöku niðurstöður, og þær eru sannarlega einstakar [...] þá verðum við að halda áfram að þróa vísindin og við verðum ávallt að leita nýrra leiða,“ sagði Herbst.

**kjartanh@frettabladid.is**




# Vill að Karl leiði breska samveldið

**BRETLAND** Elísabet önnur Bretlandsdrottning bað í gær leiðtoga breska samveldisins um að gera Karl Bretaprins að þjóðhöfðingja samveldisins eftir hennar dag. Sagði hún það einlæga ósk sína þegar hún setti fund þjóðarleiðtoga samveldisríkjanna í Lundúnum.

Leiðtogasætið sem um ræðir er ekki arfgengt líkt og breska krúnan. Því þarf sérstaklega að samþykkja nýjan leiðtoga samveldisins. BBC greindi frá því í gær að búist væri við því að þjóðarleiðtogarnir 53 samþykki að Karl taki við af Elísabetu í dag þótt vangaveltur hafi verið uppi um hvort heppilegra væri að önnur ríki samveldisins en Bretland fengju að spreyta sig.

Samkvæmt James Landale, fréttaskýranda BBC, er þó ekki búist við því að samþykkt verði að leiðtogi samveldisins verði alltaf konungur eða drottning Bretlands. Einungis verði samþykkt að Karl taki næst við sætinu.



Karl Bretaprins verður trúlega leiðtogi breska samveldisins.. NORDICPHOTOS/AFP

„Ég óska þess að samveldið haldi áfram að stuðla að stöðugleika og góðri framtíð komandi kynslóða. Ég óska þess að samveldið ákveði einn daginn að prinsinn af Wales taki við þessu mikilvæga starfi sem faðir minn kom á árið 1949,“ sagði Elísabet drottning. **– þea**

LAND ROVER

# KOMDU OG REYNSLU-AKTU NÝJUM LAND ROVER Í DAG

ABOVE & BEYOND

landrover.is




## DISCOVERY SE

Nýr Discovery er hæfari og öflugri en nokkru sinni fyrr. Yfirbygging úr áli gerir hann allt að 490 kg léttari. Endurbætt Terrain Response® drifkerfi og loftpúðafjöðrun sem gerir ökumanni kleift að hækka bílinn upp og ná allt að 28,3 cm veghæð og 90 cm vaðhæð er alger sérstaða í þessum flokki bíla.

DISCOVERY SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR. VERÐ FRÁ: 10.290.000 kr.

## DISCOVERY SPORT SE

Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem fæst í 5 eða 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni dísilvél, upphitaðri framrúðu, nýrri 9 þrepa sjálfskiptingu og hinu annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

DISCOVERY SPORT SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR. VERÐ: 6.890.000 kr.

**LAND ROVER**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

ENNEMM / SÍA / NM87822

# Nýr forseti segir byltinguna halda áfram

**Valdatíð Castro-bræðra á enda. Nýr forseti tekinn við. Sá lofar því að byltingin haldi áfram og segir ekkert pláss fyrir kapítalista í þessu eins flokks kommúnistaríki. Castro-bræður voru við völd á Kúbu í nærri sex áratugi. Raúl mun þó áfram vera aðalritari flokksins.**

**KÚBA** Í fyrsta skipti í nærri sex áratugi er Castro-fjölskyldan hvorki með forsætisráðherra- né forsetastólinn á Kúbu. Raúl Castro, litli bróðir Fidels, lét af embætti forseta í gær og við af honum tók Miguel Díaz-Canel.

Díaz-Canel hafði gegnt embætti fyrsta varaforseta undanfarin fimm ár. Hann er nærri þrjátíu árum yngri en Raúl Castro, fæddur eftir kommúnistabyltinguna og traustur bandamaður fyrirrennara síns.

Á þeim sextíu árum sem Castro-bræður stýrðu skútunni hefur Kúba gjörbreyst. Þeir komu á eins flokks kommúnistaríki, rétt undan ströndum Flórída. „Beint fyrir framan nefið á heimsvaldasinnunum,“ sagði Fidel Castro eitt sinn. Og þrátt fyrir þrýsting frá Bandaríkjunum, og þrátt fyrir tíð tilræði bandarísku leyniþjónustunnar við Fidel Castro, er Kommúnistaflokkurinn þar enn við völd.

Ljóst er þó að Raúl Castro mun enn vera áhrifamikill á Kúbu. Hann hyggst halda áfram sem aðalritari Kommúnistaflokksins til 2021. Skýrendum þykir líklegt að nýr forseti muni hafa samráð við Castro, Castro muni jafnvel hafa síðasta orðið þegar kemur að mikilvægum ákvörðunum.

Will Grant, blaðamaður BBC á Kúbu, lýsti því augnabliki þegar Díaz-Canel og Castro stigu saman inn í þingsal í gær. Sagði hann augnablikið sýna kynslóðaskipti sem myndu þó ekki fela í sér miklar breytingar.

Þá sagði Grant að það hafi komið á óvart að einn þingmannanna 605, sem allir eru úr Kommúnistaflokknum, hafi greitt atkvæði gegn Díaz-Canel. Forsetinn nýi hafi þó tryggt sér eina atkvæðið sem skipti máli, nefnilega atkvæði Raúls Castro.

Í embættistökuræðu sinni sagðist Díaz-Canel hafa umboð til þess að tryggja að kúbverska byltingin héldi áfram.



**Þeir Díaz-Canel og Castro fögnuðu saman í þingsal í gær eftir að þingmenn samþykktu valdaskiptin.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Það er ekkert pláss á Kúbu fyrir þá sem vilja endurlífga kapítalismann.**
>
> Miguel Díaz-Canel, forseti Kúbu

Utanríkisstefna Kúbu yrði óbreytt og allar ákvarðanir um „nauðsynlegar breytingar“ yrðu kúbversku þjóðarinnar.

„Það er ekkert pláss á Kúbu fyrir þá sem vilja endurlífga kapítalismann,“ sagði Díaz-Canel sem eyddi að auki drjúgum hluta ræðu sinnar í að lofa fyrirrennara sinn. Þegar forsetinn nýi sagði Kúbu þarfnast Castros risu þingmenn á fætur og klöppuðu.

Á borði Díaz-Canel eru mál á borð við algjört hrun hagkerfis Venesúela, eins helsta bandamanns Kúbu, sem og samskiptin við hinar eyjarnar á Karíbahafi og svo Bandaríki Donalds Trump. Bandaríkjaforseti innleiddi í fyrra takmarkanir á ferðalögum og viðskiptum við Kúbu eftir að Barack Obama, forveri hans í starfi, hafði slakað á þeim takmörkunum þegar hann bjó í Hvíta húsinu.

Stjórnmálaferill Díaz-Canel nær aftur á þrítugsaldurinn. Þá tók hann þátt í ungliðastarfi Kommúnistaflokksins í Santa Clara. Hann varð svo ritari hreyfingarinnar 33 ára gamall áður en hann varð héraðsstjóri Villa Clara.

Í umfjöllun BBC segir að þar hafi hann sýnt að hann væri opnari, frjálslyndari en Castro-bræður. Hann hafi til að mynda leyft rokktónleika, sem bannaðir hefðu verið annars staðar, og þá sé samfélag hinsegin fólks þar sýnilegra en víða á Kúbu.

Díaz-Canel varð svo hluti framkvæmdaráðs, eða Politburo, Kommúnistaflokksins árið 2003. Árið 2009 varð hann svo ráðherra framhaldsmenntunar og, eins og áður segir, fyrsti varaforseti árið 2013.

En þótt Díaz-Canel þyki frjálslyndari en Castro-bræður er búist við því að þær breytingar sem ráðist verður í verði hægfara. Díaz-Canel sé handvalinn arftaki Castros, sem muni sjálfur áfram hafa bein afskipti af stefnu ríkisstjórnarinnar.

**thorgnyr@frettabladid.is**

## Frjálslyndisumbætur Raúls Castro

Valdatíð Raúls var mun styttri en Fidels. Sat í forsetastólnum í tíu ár samanborið við rúmt 31 ár stóra bróður. Á þessum tíu árum þykir Raúl Castro þó hafa opnað Kúbu, horfið á braut frá alræðisstefnu fyrri tíma. BBC tók saman helstu skref hans í þá átt.

**Árið 2008** innleiddi hann nýja stefnu í landbúnaðarmálum. Hét hann því að bændur fengju milljónir hektara til að reka starfsemi, óháða hinu opinbera.

**Árið 2010** slakaði Castro á reglugerðum um fyrirtækjarekstur. Þannig heimilaði hann Kúbverjum að stofna lítil fyrirtæki.

**Árið 2011** leyfði hann svo Kúbverjum að kaupa og selja eigin heimili.

**Árið 2013** var þráðlausri nettengingu komið á á nokkrum blettum. Þannig varð veraldarvefurinn aðgengilegri Kúbverjum.


# Ársfundur VIRK

**Ársfundur VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs verður haldinn þriðjudaginn 24. apríl á Grand Hótel Reykjavík kl. 13.30-16.00.**

DAGSKRÁ

- **Virkar VIRK?**
  Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK
- **Reynslusaga einstaklings sem lokið hefur starfsendurhæfingu**
- **VIRK Atvinnutenging**
  Magnús Smári Snorrason, atvinnulífstengill VIRK
- **Reynslusaga stjórnanda úr atvinnulífinu**
- **Hefðbundin ársfundarstörf samkvæmt skipulagskrá**

Ársfundurinn er öllum opinn en meðlimir fulltrúaráðs VIRK hafa einir atkvæðisrétt. Skrá skal þátttöku á virk.is



VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR




**Eric Greitens, ríkisstjóri Missouri, gæti verið á leið í fangelsi.** NORDICPHOTOS/AFP

## Ákæra yfir ríkisstjóra Missouri ekki felld niður

**BANDARÍKIN** Dómari í St. Louis í Missouri hafnaði í gær kröfu lögmanns Eric Greitens, ríkisstjóra Missouri, að fella niður ákæru sem ríkisstjórinn á yfir höfði sér. Ríkisþing Missouri ákærði Greitens í febrúar fyrir að hafa tekið ljósmynd af nakinni konu án vitneskju hennar og síðan hótað að birta hana opinberlega ef hún segði frá kynnum þeirra.

Ríkisstjórinn á yfir höfði sér fjögurra ára fangelsisdóm. Hann hefur játað framhjáhald en kveðst saklaus af öllum ásökunum. Þess í stað hefur hann sagt að um „pólitískar nornaveiðar“ sé að ræða. Hann sé ásóttur fyrir einkalíf sitt sem tengist starfi hans sem ríkisstjóri ekki á neinn hátt. Þrýst hefur verið á Greitens að segja af sér. Hafa bæði samflokksmenn hans, Repúblikanar, og Demókratar farið fram á afsögn.

Þegar konan sem Greitens á að hafa myndað án samþykkis kom fyrir þingnefnd sagði hún að Greitens hefði líklegast tekið myndina þegar hún lá bundin við rúmið, með bundið fyrir augun, í kjallara ríkisstjórans. Hún hefur einnig sagt Greitens hafa þvingað sig til munnmaka. **– þea**




# IONIQ

## ÞRJÁR RAFMAGNAÐAR GERÐIR

Hyundai hefur haslað sér völl sem einn framsæknasti bílaframleiðandi heims á sviði raf- og vetnistækni. Við bjóðum Ioniq rafbílinn í þremur glæsilegum útfærslum.

Ioniq rafbílalína Hyundai er sú eina sinnar tegundar á markaðnum og spannar allt frá 100% rafbíl til Hybrid og tengjanlegra Plug-in Hybrid tvinnbíla sem hafa unnið til fjölda umhverfisverðlauna á undanförnum misserum.

**Reynsluaktu nýjum Hyundai og þú gætir unnið ferð á leik Íslands og Argentínu í Moskvu þann 16. júní.**

HYUNDAI

8 YEAR / 200.000 KM BATTERY WARRANTY*

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

ENNEMM / SÍA / NM79594

FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

# Kreddur



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Rekstrarskilyrði í íslensku atvinnulífi hafa versnað til muna á síðustu árum. Mörg fyrirtæki, einkum þau sem eru í samkeppni á erlendum mörkuðum, sjá fram á tímabil hagræðingar og uppsagna. Launakostnaður hefur aukist um tugi prósenta og raungengið er í hæstu hæðum. Þótt síðustu kjarasamningar á almennum vinnumarkaði hafi ekki hleypt verðbólgunni af stað, eins og margir óttuðust réttilega, þá reyndust þeir dýrkeyptir. Afleiðingin er brothætt samkeppnisstaða gagnvart okkar nágrannaríkjum. Þetta er sú mynd sem við blasir, núna þegar styttist í gerð næstu kjarasamninga. Niðurstaða þeirra mun ráða miklu um framvindu efnahagsmála.

Ætlum við að læra af reynslu Norðurlandanna? Fáir munu þora að veðja á það. Þar ríkir sameiginlegur skilningur á því hjá aðilum á vinnumarkaði, að minnsta kosti meiri en þekkist hérlendis, að laun verði ekki ákvörðuð án tillits til verðmætasköpunar í hagkerfinu. Þau hljóta þannig ávallt að taka mið af stöðu útflutningsgreina landsins. Ljóst má vera að atvinnulífið stendur ekki undir enn meiri launakostnaði við núverandi efnahagsaðstæður. Þetta á auðvitað ekki að þarfnast útskýringa. Laun hafa hækkað, mælt í sömu mynt, um fjörutíu prósent meira en í helstu samkeppnisríkjum Íslands. Hlutfall launa af landsframleiðslu er það hæsta á Norðurlöndum.

Í ræðu sinni á ársfundi Samtaka atvinnulífsins í vikunni rakti Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður SA, það hvernig frændþjóðir okkar hafa staðið að gerð kjarasamninga á undanförnum árum. Þar er fátt sem hægt er að heimfæra upp á Íslandi. Þannig hafa launahækkanir í Svíþjóð, Noregi og Danmörku að jafnaði verið á bilinu um 2 til 3 prósent á ári. Í stað þess að semja um miklar nafnlaunahækkanir, eins og hefur jafnan tíðkast á Íslandi, er markmiðið þar fremur að kaupmáttur aukist jafnt og þétt, ár frá ári, á grundvelli lítillar verðbólgu, lágra vaxta og stöðugs gengis. Þeir sem kalla eftir meiri efnahagsstöðugleika hljóta því að vilja feta í fótspor Norðurlandanna í þessum efnum.

Sá breiði hugmyndafræðilegi samhljómur sem einkennir önnur ríki á Norðurlöndum hefur ekki verið fyrir hendi hér á landi. Þetta á ekki aðeins við í málefnum vinnumarkaðarins. Engin samstaða virðist meðal annars vera um hvernig eigi að fjármagna brýna uppbyggingu í innviðum fyrir hundruð milljarða enda þótt allir séu sammála um nauðsyn þess að ráðast í slíkar fjárfestingar. Ólíkt því sem þekkist í nágrannaríkjum okkar eru nánast allir innviðir landsins í eigu ríkisins eða sveitarfélaga. Þetta þarf að breytast. Ríkið hefur ekki bolmagn, frekar en á mörgum öðrum sviðum, til að sinna allri fjárfestingaþörfinni. Aðkoma lífeyrissjóða og annarra fjárfesta, innlendra sem erlendra, er í senn nauðsynleg og æskileg. Vandinn er hins vegar pólitískar kreddur og sú andstaða sem birtist í opinberri umræðu gagnvart einkaframtakinu. Það er sótt að markaðshagkerfinu um þessar mundir og til lengri tíma litið eru það kannski alvarlegustu afleiðingar fjármálahrunsins.

**Ætlum við að læra af reynslu Norðurlandanna? Fáir munu þora að veðja á það.**

Morgunmatur frá kl. 7



BERGSSON
MATHÚS

TEMPLARASUND 3, 101 REYKJAVÍK, TEL: 5711822, WWW.BERGSSON.IS

## Halldór




## Frá degi til dags

**Pólitískt Líf Össurar**

Alræmdar persónunjósnir Facebook reynast heldur ónákvæmar í tilfelli vegakorts af hugarfylgsnum Samfylkingarformannsins fyrrverandi og sjálfskipaða heiðurspíratans Össurar Skarphéðinssonar. „Ég held að VG sé búið að kaupa um mig allar persónuupplýsingar sem hægt er að fá hjá Facebook,“ kvartar Össur á einmitt Facebook. „Í hvert sinn sem ég hef opnað fb síðustu þrjá daga blasir við mér mynd af Líf Magneudóttur og einhverju fjalli sem minnir á Ögmund Jónasson. – Verður hinn sósíaldemókratíski heiðurspírati að lofa opinberlega að kjósa Líf til að losna undan þessum andskota?“

**Glæpafantasía**

Ævintýralegur fangelsisflótti Sindra Þórs Stefánssonar og í framhaldinu landflótti þar sem hann var samferða forsætisráðherra til Svíþjóðar er þegar orðinn að pólitísku vopni. Þannig spyr Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir borgarfulltrúi hvort einhver sé ekki öruggllega byrjaður að skrifa jólabók um flótta gæsluvarðhaldsfanga sem er kominn til Svíþjóðar ásamt forsætisráðherra áður en nokkur tekur eftir hvarfi hans. Glæpasagnadrottningin Yrsa Sigurðardóttir drepur hugmyndina þó snarlega: „Ég er hrædd um að þessi flétta kæmist ekki gegnum nálarauga yfirlesara, þætti alltof fjarstæðukennd.“ Sindri situr þá einn að fléttunni fyrir ævisöguna.

thorarinn@frettabladid.is

# Úrræði fyrir börn í fíknivanda



Ásmundur Einar Daðason
félagsmálaráðherra

Undirritaður hefur lagt mikla áherslu á málefni barna og í undirbúningi er vinna sem miðar að því að gera breytingar á velferðarkerfinu til að styrkja stöðu barna auk þess að endurskoða barnaverndarlögin. Eitt þeirra atriða sem þarf að skoða í þessari vinnu er umgjörðin sem við höfum þegar kemur að börnum í fíknivanda. Ég hef átt fjölda funda með aðilum sem þessu tengjast og þar má t.d. nefna Barnaverndarstofu, barnaverndarnefndir, Olnbogabörn (samtök aðstandenda barna með fíknivanda) auk fjölda einstaklinga. Þetta samtal hefur verið mikilvægt enda verða öll sjónarmið að heyrast þegar þessi mál eru annars vegar. Eftir þetta samtal er ljóst að þessi mál verða að vinnast hraðar heldur en áætlað er varðandi endurskoðun barnaverndarlaga.

**Nýtt úrræði á lokametrum**

Það hefur verið í vinnslu að setja á fót nýtt tilraunaverkefni Barnaverndarstofu fyrir eftirmeðferð barna sem hafa áður verið vistuð á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu og eftir atvikum einnig á sjúkrastofnunum vegna alvarlegs fíknivanda og eiga erfitt með að yfirfæra meðferðarárangur á heimaslóðir eða fósturheimili. Þessi börn þurfa mun hægari aðlögun út í samfélagið en almennt tíðkast eftir dvöl á meðferðarheimili og þörfum þeirra verður ekki sinnt með endurteknum vistunum á meðferðarheimilum. Í góðu samstarfi ofangreindra aðila er vinnsla þessa á lokastigum og var verkefnið kynnt í ríkisstjórn í síðustu viku. Samhliða þessu verkefni verður farið í vinnu við að kortleggja og skoða þau meðferðarúrræði sem í boði eru og meta hvort og þá hvaða breytingar þurfi að gera. Ætlunin er að tillögur þeirrar vinnu liggi fyrir innan tveggja mánaða. Þar verði m.a. skoðað hvort ástæða sé til að aldursskipta og kynjaskipta meðferðarúrræðum meira en nú er gert.

Það er ekki einungis samfélagslega mikilvægt að við bregðumst við þegar börn eiga í vanda, það er einnig þjóðhagslega mikilvægt. Börn eru það dýrmætasta sem samfélagið á og er fjárfesting í þeim besta fjárfestingin.

**Börn eru það dýrmætasta sem samfélagið á og er fjárfesting í þeim besta fjárfestingin.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Kalkúnar og kjúklingar

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Þegar kalkúnn er eldaður í ofni þarf einkum að taka tillit til þriggja þátta; hitastigs í ofninum, eldunartíma og þyngdar fuglsins. Flestar ráðleggingar sem ég hef séð eru á þá leið að hitastigið í ofninum sé fest í kringum 160 gráður, en eldunartíminn ráðist af þyngd fuglsins. Ef kokkurinn lendir í tímahraki er sá möguleiki fyrir hendi að hækka hitann, og spara þannig tíma—og eins má lækka hitann tímabundið til þess að lengja eldunartímann ef það hentar betur.

Þótt ungu fólki sé oftar líkt við kjúklinga heldur en kalkúna má segja að svipuð sjónarmið komi til álita þegar skólaganga þess er skipulögð. Ætlast er til að nemendur tileinki sér ákveðin fræði og færni (þyngd fuglsins), til þess þarf tiltekið marga skóladaga (eldunartíminn) þar sem álagið á nemendur er stillt eftir þörfum (hitastigið). Ef kennsludögum fækkar þarf að bæta upp vinnutapið með auknu álagi aðra daga; og eins má draga úr álaginu ef ætlunin er að teygja námið yfir lengri tíma.

**Virkar styttingin?**

Nýlega hafa komið fram ýmsar áhyggjuraddir varðandi afleiðingar þess að framhaldsskólanám á Íslandi var stytt úr fjórum árum í þrjú. Forsvarsmenn nemenda og kennara fullyrða að þátttaka nemenda í félagsstarfi og áhugamálum—eins og listsköpun og íþróttum—hafi minnkað verulega vegna aukins álags í náminu. Þar að auki benda báðir hópar á að hinu aukna álagi hafi fylgt stress og kvíði sem hugsanlega eigi þátt í þeirri alvarlegu óheillaþróun sem er aukin geðheilsutengd vandamál ungmenna.

Þessu til viðbótar hafa heyrst miklar efasemdaraddir úr háskólasamfélaginu, þar sem því er haldið fram að styttingin leiði til þess að nemendur fái verri undirbúning en áður fyrir áframhaldandi nám.

Semsagt, vísbendingar eru uppi um að stytting framhaldsskólans sé að leiða af sér takmörkuð lífsgæði fyrir nemendur, dragi úr vilja þeirra og getu til þess að stunda skapandi áhugamál—og undirbúi þau þar að auki verr fyrir áframhaldandi skólagöngu. Þetta eru ekki léttvægar áhyggjur.

**Litlir kassar**

Þegar ákvörðun var tekin um að stytta framhaldsskólanámið var það gert eftir ára- eða áratugalangan þrýsting. Kannski varð ekki hjá því komist að gera þessa tilraun. Markmiðið var að koma fólki fyrr út í framhaldsnám, og þar með fyrr út á vinnumarkaðinn. Það kvað vera sérdeilis óhagkvæmt að láta íslensk ungmenni slóra til tvítugs í framhaldsskólskóla á meðan annarra þjóða ungmenni höfu háskólanám ári fyrr eða tveimur.

Það virðist við fyrstu sýn hið besta mál að nýta betur tímann í skólastofunum; allt slugs og slóðagangur ungmenna hlýtur að vera þyrnir í augum sómakærs fólks. Er það ekki tilgangur skólans að tryggja að ungmenni læri og tileinki sér alls konar vitneskju og kunnáttu svo þau umbreytist smám saman úr því að vera gagnslaus börn og verði nytsamir þjóðfélagsþegnar—þarf ekki að móta þau, slípa og smyrja svo þau falli mátulega inn í gangverk efnahagslífsins og geti orðið áreiðanleg tannhjól atvinnulífs og iðnaðar?

Út frá þessu sjónarhorni væri það fagnaðarefni að ungmenni nýttu framhaldsskólaárin sín til þess að snúa baki við barnalegum æskudraumum; að þau leggi fiðluna, fótboltaskóna og fluguhnýtingarbúnaðinn á hilluna; en sökkvi sér þess í stað—alvörugefin og einbeitt—ofan í afturbeygðar þýskar sagnir, hornafalladiffrun og fjármálalæsi—þangað til þau verða læknar og lögfræðingar og Landsbankastjórnendur.

> Nýlega hafa komið fram ýmsar áhyggjuraddir varðandi afleiðingar þess að framhaldsskólanám á Íslandi var stytt úr fjórum árum í þrjú.

**Að verða manneskja**

En getur verið að tilgangur skólans sé ekki bara að hjálpa okkur að læra hluti, heldur líka—og kannski fyrst og fremst—að hjálpa okkur að læra að vera manneskjur?

Á framhaldsskólaárunum gerast nefnilega merkilegir hlutir. Árin, sem líða á milli þess að fólk breytist líkamlega úr barni í fullveðja einstakling og þangað til það nær andlegum og vitsmunalegum þroska fullorðinna, eru einstakur mótunartími í lífinu. Á þessum árum finnur fólk til þess að geta gert hluti upp á eigin spýtur. Það byrjar að skapa listaverk sem verðskulda raunverulega aðdáun (ekki bara miðað við aldur), það byrjar að geta keppt við fullorðna í íþróttum, það fer að geta staðið óstutt að skipulagi alls kyns viðburða, útgáfu og alls kyns annarri frumkvöðlastarfsemi. Á þessum árum er fólk móttækilegt fyrir alls konar hugmyndum, stefnum og straumum—og það sem kannski er mikilvægast af öllu, það lærir að lifa í mennskum heimi þar sem fólk er breyskt, þar sem ástin felur í sér bæði gleði og sorg; þar sem vinirnir reynast stundum vel og stundum illa, þar sem maður þarf að læra bæði að muna og gleyma—og fyrirgefa og halda sínu striki. Aldrei hef ég skilið af hverju það er sérstakt keppikefli að stytta þetta tímabil í lífi fólks.

**Vélmennin koma**

Það er á þessum síðustu táningsárum sem fólk þróar með sér einmitt þá hæfileika sem taldir eru mikilvægastir í samfélagi framtíðarinnar. Það eru störf og hlutverk sem byggjast á mannlegum skilningi og sköpunarkrafti sem munu standa eftir þegar vélmennin eru farin að sinna flestu öðru. Og það eru einmitt þessir eiginleikar sem þroskast hvað best í skólum, þótt þeir séu ekki kenndir í skólastofum. Þessi þroski tekur tíma.

Það er nefnilega alveg nákvæmlega eins með mannlega kjúklinga í skólum og kalkúninn í ofninum; það er kannski hægt að flýta örlítið fyrir þroskanum með því að hækka hita og álag, en það bitnar óhjákvæmilega á gæðunum.

Það er enginn vafi á því að hægt er að fullelda kalkún á mjög stuttum tíma með því að henda honum inn í þúsund gráðu heitan ofn—en það er hætt við að afraksturinn yrði algjörlega ónýtur. Sumir hlutir verða einfaldlega að fá að taka sinn tíma, sérstaklega ef það skiptir miklu máli að niðurstaðan sé góð.

# Áttu barn á biðlista?



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
oddviti Viðreisnar í Reykjavík



Vilborg Guðrún Sigurðardóttir
grunnskólakennari, skipar 5. sæti listans

Áttu barn á biðlista? Er barnið á biðlista eftir leikskólaplássi eða eftir frístundaheimili? Er það kannski á biðlista eftir greiningu eða sértæku úrræði? Það væri mikil einföldun að segja að það þyrfti bara að fjölga leikskólaplássum til þess að stytta biðlista á leikskólum. Til þess að unnt verði að fjölga leikskólaplássum um 750-800 eins og núverandi meirihluti hefur þegar sett í farveg þarf að fjölga starfsmönnum á leikskólum borgarinnar um 100 að minnsta kosti. Mannekla hefur verið viðvarandi vandamál í leikskólum borgarinnar og því ljóst að biðlistarnir verða ekki leystir nema með því að horfast í augu við það að starfsumhverfi leikskóla og laun eru hvorki samkeppnishæf né boðleg.

Biðlistarnir einskorðast ekki við leikskólastigið. Líklega þekkja allir foreldrar í Reykjavík þá tilfinningu að sitja sveittir á vorin yfir skráningarkerfi Rafrænnar Reykjavíkur sem hrynur þegar allir skrá sig inn samtímis til að tryggja pláss fyrir barnið sitt á frístundaheimili fyrir næsta vetur. Lögmálið fyrstur kemur fyrstur fær gildir þegar um er að ræða börn. Sem að okkar mati er galið.

Stuttu eftir að skólaganga barna hefst kemur í ljós hverjar þarfir þeirra eru. Greiningadrifið kerfi gerir það samt að verkum að börn eru látin bíða þar til greiningarferlinu er lokið til að eiga rétt á viðeigandi stuðningi. Í stað þess að láta börnin líða fyrir óskilvirkt kerfi og langa biðlista væri hægt að brúa bilið með því að treysta mati fagfólks í skólum og veita þeim svigrúm til að mæta ólíkum þörfum barna meðan á greiningarferlinu stendur. Það þarf að tryggja að forsenda fjárfestingar borgarinnar í stuðningsúrræðum fyrir börn sé ekki einskorðuð við niðurstöðu greiningar. Nauðsynlegt er að sveigjanleiki og snemmtæk úrræði séu í forgrunni, svo þarfir barna mæti ekki afgangi.

Við í Viðreisn höfum mjög ákveðnar hugmyndir um hvernig megi stytta þessa biðlista í borginni og ætlum að setja það í algjöran forgang. Við viljum öll að börn séu í umhverfi og aðstæðum þar sem starfsfólk getur mætt ólíkum þörfum þeirra. Í leikskólum, skólum og á frístundaheimilum er til staðar fagþekking og vilji til að koma til móts við þarfir barna, stjórnsýslan þarf að tryggja að málefni barna séu raunverulega sett í forgang. Í því skyni þarf að leiðrétta kjör kvennastétta strax í samræmi við þingsályktunartillögu Viðreisnar sem nú liggur fyrir á Alþingi. Rót vandans liggur fyrst og síðast í fjársvelti, manneklu og skorti á sveigjanleika í löngu stöðnuðu kerfi. Við eigum að treysta fagfólki í skóla- og frístundastarfi, bæta aðbúnað þess og minnka miðstýringu kerfisins. Þetta er spurning um forgang, fjármagn og pólitískan vilja. Það munum við í Viðreisn tryggja.



BJÖRNSBAKARÍ
Sími: 561 1433
www.bjornsbakari.is
mánudaga-föstudaga 7.30 -17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00
Austurströnd 14 • Hringbraut 35
Fálkagata 18

## Spá Fréttablaðsins fyrir Pepsi-deild karla 2018

Ítarlegri grein má lesa á Fréttablaðið.is

PEPSI DEILDIN 2018

| | |
|---|---|
| 1. ? | 7. ? |
| 2. ? | 8. Grindavík |
| 3. ? | 9. Víkingur R. |
| 4. ? | 10. ÍBV |
| 5. ? | 11. Fylkir |
| 6. ? | 12. Keflavík |

### Grindavík
**hafnar í 8. sæti**

Fréttablaðið spáir því að Grindavík hafni í 8. sæti Pepsi-deildar karla. Grindvíkingar komu liða mest á óvart í fyrra og enduðu í 5. sæti. Andri Rúnar Bjarnason átti magnað tímabil og jafnaði markametið. Hann er nú horfinn á braut og skilur eftir sig stórt skarð í framlínu gulra. Grindavík ætti þó að gera nóg til að forðast fallbaráttuna.

### Lykilmaðurinn í sumar
**Kristijan Jajalo**

**Kristijan Jajalo** kom til Grindavíkur um mitt sumar 2016 og hefur verið frábær í marki gulra síðan þá. Jajalo, sem lék fjölmarga leiki fyrir yngri landslið Bosníu, er ekki sá hæsti í loftinu en með góð viðbrögð, mikla spyrnutækni og fljótur að koma boltanum í leik.




### Tölfræði frá síðasta sumri

**4** stigum bjargaði Grindavík í uppbótartíma.

**61** prósent af mörkum Grindavíkur skoraði Andri Rúnar.

### Nýju andlitin

**Jóhann Helgi Hannesson** Þór
**Aron Jóhannsson** Haukar

### Fylgstu með þessum

**Aron Jóhannsson** þreytir frumraun sína í Pepsi-deildinni í sumar. Hefur leikið vel með Haukum í Inkasso-deildinni undanfarin ár. Getur hann tekið stökkið upp í efstu deild?

**ENKUNNASPJALDIÐ** VÖRNIN ★★★☆☆ | SÓKNIN ★★★☆☆ | ÞJÁLFARINN ★★★★☆ | BREIDDIN ★★☆☆☆ | LIÐSSTYRKINGIN ★★☆☆☆ |

**GENGIÐ SÍÐUSTU SEX TÍMABIL** **2017** 5. sæti | **2016** 2. sæti (B-deild) | **2015** 5. sæti (B-deild) | **2014** 5. sæti (B-deild) | **2013** 4. sæti (B-deild) | **2012** 12. sæti |

## Sumarþrenna hjá Helenu er Haukar komust yfir




**Öruggt hjá deildarmeisturunum** Helena Sverrisdóttir var með þrefalda tvennu, 18 stig, 12 fráköst og 12 stoðsendingar, þegar Haukar unnu Val, 85-68, í fyrsta leik liðanna í úrslitum Domino's deildar kvenna í gær. Deildarmeistararnir voru sterkari aðilinn í leiknum og náðu mest 22 stiga forskoti. Valur þarf að leika mun betur í öðrum leik liðanna sem fer fram á Hlíðarenda á morgun til að eiga möguleika í Hauka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gullið tækifæri Stólanna

**Úrslitaeinvígi Domino's-deildar karla hefst í Síkinu í kvöld þegar Tindastóll tekur á móti KR. Sagan er KR hliðholl en þeir geta unnið fimmta Íslandsmeistaratitilinn í röð. Stólarnir unnu KR-inga í bikarúrslitum.**

**KÖRFUBOLTI** KR fer norður á Sauðárkrók og mætir Tindastól í fyrsta leik liðanna í úrslitum Domino's-deildar karla í dag en tæp þrjú ár eru síðan KR tryggði sér titilinn í Síkinu, heimavelli Tindastóls. Vinna þarf þrjá leiki til að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn en Stólarnir eru með heimavallarréttinn og þarf KR því alltaf að vinna einn leik í Síkinu til að verja meistaratitilinn.

Sagan er með KR í liði. KR-ingar eru Íslandsmeistarar síðustu fjögurra ára og hafa unnið síðustu átta úrslitaeinvígi sem liðið hefur komist í. KR getur unnið tíunda meistaratitil sinn eftir að úrslitakeppnin var tekin upp og um leið orðið fyrsta liðið sem vinnur titilinn fimm ár í röð eftir innleiðingu úrslitakeppninnar 1984.

Þetta verður þriðja tilraun Stólanna til að klófesta þann stóra en Tindastóll varð bikarmeistari í fyrsta sinn fyrr á tímabilinu eftir stórsigur á KR í Laugardalshöll.

Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells og álitsgjafi Fréttablaðsins, á von á því að fyrsti leikur einvígisins eigi eftir að segja heilmikið um komandi rimmu.

„Stólarnir verða að verja heimavöllinn. Ef KR tekst að vinna í Síkinu ná þeir völdunum í þessu einvígi. Það vill ekkert lið fara í DHL-höllina 1-2 undir eins og Haukarnir voru í. Ekki á móti KR, þeir þrífast á þessum aðstæðum og þegar þeir finna lyktina af sigri með sitt fólk með sér eru þeir stórhættulegir."

Töluverðar breytingar hafa verið á KR-hópnum á milli leikja en þeir bættu við Helga Má Magnússyni og Marcus Walker, fyrrverandi KR-ingum.

„Það er ansi langt síðan bæði lið hafa verið svona vel mönnuð í úrslitarimmunni og það er mikil breidd hjá hvorum tveggja. Það getur unnið með eða á móti KR að vera í þessum hrókeringum. Tindastóll er með betur mótað lið, en KR sem er að breyta til er ennþá að pússa sig til og að finna taktinn," segir Ingi.

„Manni finnst eins og Walker komi inn í þetta til að eltast við þessa góðu bakverði sem Stólarnir eru með og hann kemur til með að nýtast vel. Hann, rétt eins og Helgi, þekkir kúltúrinn í KR og skilur hvað félagið snýst um. Það sýnir tilfinningar hans til félagsins að hann er með merkið húðflúrað á sig. Hann er mikill öðlingur og góður inni í klefa."

Ingi fer einnig fögrum orðum um Helga. „Það var talað um að hann gæti farið að rugla í leikkerfi KR-inga en hann kom bara einfaldlega inn í þetta. Þeir eru báðir toppmenn og góðir í klefa, Helgi er sennilega sá besti á landinu í klefanum."

Ingi telur að einvígið verði áhugavert þar sem tveir klókir þjálfarar setji leikina upp.

„Þetta verður mikil skák, tveir mjög góðir þjálfarar og það verður fróðlegt að sjá hvernig þeir setja leikinn upp og hvar þeir reyna að ráðast hvor á lið annars," sagði Ingi sem býst við ólíkum leikjum.

**8**

**einvígi um Íslandsmeistaratitilinn hefur KR unnið í röð.**

„Þetta hafa verið mjög ólíkir leikir hingað til. Í bikarnum áttu Stólarnir fullkominn dag og það gekk allt upp en það er ólíklegt að þeir hitti á það aftur. Það má búast við að þessir leikir spilist öðruvísi, verði meiri spenna og jafnræði. Fyrsti leikurinn getur skipt öllu máli."

Ingi telur að meðbyrinn sé með Tindastóli.

„Reynslan í bikarnum, rétt eins og að hafa farið í úrslitin fyrir fjórum árum hjálpar þeim. Ef þeir hafa einhvern tíma tök á því að verða meistarar þá er það núna. Þetta er stóra tækifæri Tindastóls, þeir hafa verið að spila mjög vel og en það skyldi enginn afskrifa KR."

## Nýjast

**Domino's-deild kvenna, úrslit**

**Haukar - Valur 85-68**

**Haukar:** Whitney Frazier 26/10 fráköst/6 stoðsendingar, Helena Sverrisdóttir 18/12 fráköst/12 stoðsendingar, Þóra Kristín Jónsdóttir 12, Sigrún Björg Ólafsdóttir 10, Anna Lóa Óskarsdóttir 9, Rósa Björk Pétursdóttir 7, Magdalena Gísladóttir 2, Fanney Ragnarsdóttir 1.

**Valur:** Aalyah Whiteside 25/14 fráköst, Guðbjörg Sverrisdóttir 15/10 fráköst, Dagbjört Samúelsdóttir 12, Hallveig Jónsdóttir 9, Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 4, Ragnheiður Benónísdóttir 2, Bergþóra H. Tómasdóttir 1.

*Staðan í einvíginu er 1-0 fyrir Hauka.*

**Olís-deild kvenna, úrslit**

**Fram - Valur 28-22**

**Fram:** Karen Knútsdóttir 8, Ragnheiður Júlíusdóttir 7/1, Þórey Rósa Stefánsdóttir 4, Steinunn Björnsdóttir 3, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2, Hildur Þorgeirsdóttir 2, Hulda Dagsdóttir 1, Elísabet Gunnarsdóttir 1.

**Valur:** Diana Satkauskaité 6, Ásdís Þóra Ágústsdóttir 3/3, Gerður Arinbjarnar 3, Díana Dögg Magnúsdóttir 2, Vigdís Birna Þorsteinsdóttir 2, Morgan Marie Þorkelsdóttir 2, Kristín Guðmundsdóttir 1, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 1, Auður Ester Gestsdóttir 1, Ragnhildur Edda Þórðardóttir 1.

*Staðan í einvígi liðanna er 1-1.*



**Haukur Páll Sigurðsson lyftir Meistarabikarnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Valur meistari meistaranna

**FÓTBOLTI** Valur vann 2-1 sigur á ÍBV í Meistarakeppni KSÍ í gær. Þetta er þriðja árið í röð sem Valsmenn vinna þennan árlega leik Íslands- og bikarmeistaranna.

Öll mörkin í leiknum í gær komu í fyrri hálfleik. Patrick Pedersen kom Val yfir á 29. mínútu og 10 mínútum síðar skoraði Bjarni Ólafur Eiríksson annað mark Íslandsmeistaranna. Kaj Leo í Bartalsstovu minnkaði muninn í 2-1 tveimur mínútum fyrir hálfleik en nær komust bikarmeistararnir ekki. – iþs




KARLMENN: Skólavörðustígur 16. KONUR: Skólavörðustígur 7 og Kringlan. HEIMA: Skólavörðustígur 12. GEYSIR: Hafnarstræti, Akureyri og Haukadal. geysir.com *Tilboðið gildir 19-22 apríl.

## Merkisatburðir

**1303** Háskólinn í Róm stofnaður af Bónifasíusi 8. páfa.

**1593** Ari Magnússon fær sýsluvöld í Barðastrandarsýslu og umboð konungsjarða.

**1602** Einokunarverslun Dana hefst á Íslandi með því að konungur veitti borgurum í Kaupmannahöfn, Málmey og Helsingjaeyri einkaleyfi til verslunar á Íslandi. Einokunin stóð til ársloka 1787 (sjá 1. janúar 1788).

**1653** Oliver Cromwell leysir Langa þingið upp.

**1706** Miklir jarðskjálftar á Suðurlandi og féllu 24 bæir til grunna í Ölfusi og Flóa. Ein gömul kona lést á Kotferju en manntjón varð ekki víðar.

**1740** Upp kemur sakamál í Múlaþingi þar sem systkini voru ákærð fyrir að eiga barn saman. Þau hétu Sunnefa og Jón og voru bæði dæmd til dauða. Málarekstur stóð árum saman og fékk nafnið Sunnefumál. Sunnefa dó 17 árum síðar og þá var Jón dæmdur til ævilangrar þrælkunar og lést ári síðar.

**1821** Mönguvetur dró nafnið af því að þennan dag komu skipbrotsmenn af hvalveiðiskipinu Margréti að landi á Þangskála á Skaga eftir mikla hrakninga í ís norðan við land.

**1912** Fenway Park opnaður í Boston.

**1916** Víðavangshlaup ÍR fer fram í fyrsta sinn en það hefur verið árviss viðburður á sumardaginn fyrsta síðan.

**1920** Sumarólympíuleikarnir settir í Antwerpen í Belgíu.

**1928** Mæðrastyrksnefnd stofnuð í Reykjavík.

**1930** Stóra bomba: Jónas Jónsson frá Hriflu, dómsmálaráðherra, víkur Helga Tómassyni, yfirlækni á Kleppi, úr starfi vegna þess að hann hafði haldið því fram að ráðherrann væri geðveikur. Læknirinn fékk dæmdar skaðabætur og stöðu sína aftur með dómi Hæstaréttar í árslok 1932.

**1950** Þjóðleikhúsið vígt. Framkvæmdir við það hófust 1928, en stöðvuðust vegna fjárskorts og síðar vegna hernámsins.

**1968** Pierre Elliott Trudeau kosinn fimmtándi forsætisráðherra Kanada.

**1969** Þjórsárdalsför, Skúli Thoroddsen læknir skorar Bretadrottningu á hólm.

**1977** Boris Spasskij vinnur Vlastimil Hort í skákeinvígi þeirra, sem haldið var í Reykjavík.

**1991** Alþingiskosningar haldnar. Fleiri listar voru í framboði en nokkru sinni, eða 11 listar alls.

**1999** Columbine-fjöldamorðin: Tveir nemendur Columbine-menntaskólans skutu 13 skólafélaga sína til bana og særðu 24 aðra en frömdu síðan sjálfsmorð.

**2006** RES Orkuskóli (The School for Renewable Energy Science) tekur formlega til starfa á Akureyri á sumardaginn fyrsta, 20. apríl, 2006.

**2010** Sprenging í olíuborpallinum Deepwater Horizon í Mexíkóflóa veldur olíuleka sem stórskaðar vistkerfi flóans.



Tilraunastöðin er fyrst og fremst rannsóknarstofa á háskólastigi. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Tilraunastöðin að Keldum fagnar sjötíu ára starfi sínu

**Í ár heldur Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum upp á sjötíu ára starfsafmæli sitt. Í dag verður því fagnað með Vísindadegi þar sem ráðstefna um dýrasjúkdóma stendur yfir allan daginn. Níu fyrirlesarar halda erindi og allir eru velkomnir.**

Í tilefni sjötíu ára starfsafmælis Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum verður í dag sérstök afmælisdagskrá á Vísindadegi á bókasafni Tilraunastöðvarinnar. Vísindadagurinn er haldinn annað hvert ár og í ár er hann haldinn í áttunda sinn. Ráðstefna verður haldin þar sem meginefnið er rannsóknir og vísindastörf á Keldum – farið verður yfir helstu nýjungar í rannsóknum og greiningum á dýrasjúkdómum þar sem hagsmunaaðilar, einkum dýralæknar og starfsmenn í dýrasjúkdómageiranum, bera saman bækur sínar. Níu fyrirlesarar munu halda erindi, þar af einn erlendur gestur, en hinir átta eru sérfræðingar á Keldum. Martin Krarup Nielsen frá University of Kentucky – Maxwell H. Gluck Equine Research Center sem er sérfræðingur í sníkjudýrum er erlendi gesturinn og flytur hann tvo fyrirlestra. Sérstök vísindanefnd sér um undirbúning og skipulag ráðstefnunnar og í henni eiga sæti Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, Stefanía Þorgeirsdóttir og Þórunn Sóley Björnsdóttir.

Meginviðfangsefni Tilraunastöðvarinnar er eins og dagskráin gefur til kynna rannsóknir á dýrasjúkdómum og varnir gegn þeim. Fyrir daga Tilraunastöðvarinnar fóru slíkar rannsóknir fram á Rannsóknarstofu Háskólans við Barónsstíg. Eftir að ríkið keypti jörðina Keldur í Mosfellssveit árið 1941 var hún nýtt til dýrahalds en svo var þar reist fyrsta rannsóknarstofuhúsið árið 1948 og voru framkvæmdirnar mikið til fjármagnaðar með erlendu fé en það barst frá Rockefeller-stofnuninni.

Í dag er Tilraunastöðin fyrst og fremst rannsóknarstofa á háskólastigi og þar er eini vettvangurinn í landinu þar sem rannsakaðir eru dýrasjúkdómar á mörgum fræðasviðum.

Vísindadagurinn hefst klukkan 8.30 í dag og stendur til 16. Ráðstefnan er eins og áður sagði haldin í bókasafni Tilraunastöðvarinnar og er aðgangur öllum heimill og að kostnaðarlausu.

**stefanthor@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 20. APRÍL 1970

## Íslenskir námsmenn gera byltingu

Ellefu íslenskir námsmenn í Gautaborg og Uppsölum héldu inn í íslenska sendiráðið í Stokkhólmi þennan dag árið 1970, ráku starfsliðið út og héldu byggingunni í tvær klukkustundir. Þá réðst lögreglan til inngöngu í húsið og flutti stúdentana á lögreglustöð. Námsmennirnir sendu frá sér greinargerð, þar sem segir að tilgangurinn með töku sendiráðsins sé að vekja athygli á því ófremdarástandi sem ríki á sviði íslenskra menntamála og þá um leið aðstöðu námsmanna heima og erlendis, en jafnframt að hvetja til sósíalískrar byltingar á Íslandi.

Aðgerðum var haldið áfram næstu daga, bæði á Norðurlöndunum og hér heima. Námsmenn settust að í sendiráðum erlendis og utan við þau og báru fram kröfur í sambandi við lánamál og fleira. Allt fór þó friðsamlega fram.



Byltingin var gerð í Stokkhólmi.



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,

**Þór S. Árnason**

Víðilundi 15, Akureyri,

lést 15. apríl.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 23. apríl kl. 10.30.
Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri.

**Börn, tengdabörn, systur og afabörnin.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,

**Guðmundur Jóhannsson**

Eyrarholti 6, 220 Hafnarfirði,

lést föstudaginn 13. apríl.
Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 27. apríl kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.

**Herdís Sigurjónsdóttir**
**Ragnheiður Guðmundsdóttir** — **Sigtryggur K. Hjartar**
**Kristín Guðmundsdóttir**
**Ólafur Jóhannesson** — **Guðný Haraldsdóttir**
**Sigríður Jóhannesdóttir**
**Jón Jóhannesson** — **Heiða Björk Norðdahl**
**barnabörn.**

Fólk
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 20. APRÍL 2018



# Meistari í húmor

Edda Björgvinsdóttir segist rétt nýbúin að slíta barnskónum en í vor eru fjórir áratugir frá því að hún lauk lokaprófi frá Leiklistarskóla Íslands. Edda segist fyrst og fremst vera leikkona en hún er jafnframt með háskólagráðu í jákvæðri sálfræði og heldur fyrirlestra og námskeið um húmor og hamingju. →2

Edda mun leika í Ronju ræningjadóttur í haust. MYND/EYÞÓR



Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪

Edda Björgvinsdóttir er einástsælasta leikkona þjóðarinnar. Ferilskráin er orðin löng en Edda hefur leikið í fjölda leikrita, kvikmyndum og í sjónvarpi og leikstýrt eigin verkum og annarra. Hún var flugfreyja um tíma og í gegnum árin hefur hún haldið námskeið og fyrirlestra þar sem húmor og hamingja er í aðalhlutverki. Þessa dagana má sjá Eddu á sviði Þjóðleikhússins í söngleiknum Með allt á hreinu og í haust mun hún leika í Ronju ræningjadóttur.

„Ég er fyrst og fremst leikkona en ég er líka frumkvöðull með þekkingarþrá á háu stigi og bíð eftir að finna tíma til að læra meira," segir Edda brosandi en hún er með MA í menningarstjórnun og MA-diplómu í jákvæðri sálfræði. „Alveg frá því ég var sjö ára var ég ákveðin í að verða leikkona, enda var ég alltaf að leika eitthvað. Ég man eftir að hafa verið í barnaafmæli og þar var einnig stödd Melitta Urbancic, leikkona frá Austurríki og eiginkona Victors Urbancic tónlistarmanns. Melitta kom til mín, horfði á mig og sagði hátt og snjallt: „Þú verður einhvern tímann mikil leikkona." Mér brá við en ég var sannfærð um að hún hefði rétt fyrir sér og að leiklist yrði mitt aðalstarf," rifjar Edda upp.

## Stella orðin heimilisvinur

Edda hefur leikið mörg ógleymanleg hlutverk í gegnum tíðina en henni finnst einna vænst um hlutverk sitt í einleiknum Alveg brilljant skilnaður. „Það stykki gekk fyrir fullu húsi í þrjú leikár og var í senn fyndið og sorglegt. Svo er Stella í orlofi auðvitað partur af mér og myndin löngu orðin heimilisvinur hjá fjölda manns. Mér finnst líka vænt um báðar alkóhólistakonurnar mínar, Ingu í kvikmyndinni Undir trénu og sendiherrafrúna í Risaeðlunum. Þær sýna að alkóhólismi er ekki bara fyllerí heldur mikill harmur. Þær glíma við djúpa sorg sem þær reyna að deyfa með áfengi. Þetta er heimur sem ég hef mikið pælt í og hef skoðað á allar hliðar," segir Edda sem fékk einmitt Edduna fyrir hlutverk sitt í Undir trénu fyrr í vetur.

Hún gat þó ekki veitt verðlaununum viðtöku því hún var að leika í Þjóðleikhúsinu á sama tíma. „Í hjarta mínu grét ég svolítið yfir því að geta ekki tekið á móti þeim sjálf en ég var búin að segja við yndislega vinkonu mína að ef ég fengi Edduna, þótt ég tryði ekki alveg á það því gamanleikarar fá ekki oft verðlaun og ég hélt að þótt hlutverkið væri dramatískt myndi það bara gilda áfram, skyldi hún bara segja það sem hana langaði að segja og það kom mjög fallega út," segir Edda hlýlega.

Hún nefnir að í gegnum tíðina hafi gamanleikur ekki verið eins hátt skrifaður og dramaleikur en það sé þó vonandi að breytast. „Ég hef fengið mestu þjálfunina í gamanleik en það þótti stundum eitthvað skrípó. Það er varla tilviljun að Bessi Bjarnason og Árni Tryggvason voru á lægri launum en aðrir í Þjóðleikhúsinu og þáverandi Þjóðleikhússtjóri sagði að það væri vegna þess að þeir væru bara gamanleikarar. Bessi og Árni eru sennilega þeir einu af sinni kynslóð leikara sem ekki hafa fengið heiðurslaun listamanna frá Alþingi. Það er grimmilegt og ég vona að því verði breytt og Árni beðinn afsökunar á að hafa ekki notið sannmælis en Bessi er því miður fallinn frá. Ég held sem betur fer að við stöndum núna á þeim tímamótum að gamanleikarar séu metnir að verðleikum. Mikil áhætta fylgir gamanleik en það er mikil höfnun ef áhorfendur skella ekki upp úr. Gamanleikarar eru oft bestu dramaleikararnir."



Edda var strax í æsku ákveðin í að verða leikkona. MYND/EYÞÓR

## Bjartsýn að eðlisfari

Þegar Edda er spurð hvort hún sé hjátrúarfull þegar kemur að leiklistinni segir hún svo ekki vera. „Nei, en einn af mínum styrkleikum er að ég er bjartsýn að eðlisfari. Ég byrjaði líka að nota húmor snemma á lífsleiðinni til að draga úr streitu og áhyggjum og sætta mig við það sem maður fær ekki breytt. Ég fór fljótt að sjá kómísku hliðarnar á erfiðum hlutum. Svo er ég búin að skrifa heila mastersritgerð um húmor í stjórnun," segir hún.

Edda fær aldrei nóg af því að læra og fyrir tveimur árum útskrifaðist hún úr námi í jákvæðri sálfræði. „Í mörg ár hélt ég námskeið um tjáningu og tækni leikarans. Svo fóru þau að snúast um húmor en núna fjalla námskeiðin um það sem við getum kallað vellíðan í lífi og leik. Ég kalla námskeiðin Húmor og gleði – dauðans alvara. Á þeim sit ég með fólki og við ræðum um hvernig því líður, hvernig því gæti liðið betur, af hverju því líður ekki nógu vel og hvað hægt er að gera í því. Ég fjalla um hvernig við ættum að auka hamingjuna í lífi okkar en það er vel hægt. Ótal rannsóknir sýna að ef maður er jákvæður, gefandi, slakandi og yndislegur eykst hamingjan og við það aukast hamingjuhormónin í heilanum. Húmor einn og sér getur t.d. orsakað flæði af mikilvægum vellíðunarhormónum. Við hlátur, hreyfingu eða söng getum við framkallað helmingi meira af þeim en vanalega og þá styrkjum við ónæmiskerfið, virkjum heilann, verðum betri í samvinnu, orkumeiri og vinnum betur. Ótrúlegir hlutir gerast við að auka hamingju og vellíðan," segir Edda glaðlega en hún hefur látið útbúa sérstök kort sem hún kallar styrkleikakort. „Slík kort eru notuð um allan heim til að byggja upp einstaklinga og bæta samskipti. Þau eru einstaklega gott þjálfunartæki á vinnustöðum, í skólum og félagasamtökum og ekki síður í vinahópum og fjölskyldum. Ég hef fengið mjög góð viðbrögð frá þeim sem hafa notað styrkleikakortin og þau eru komin inn á fjöldamörg heimili. Við höfum ekki auglýst þau en vorum með söfnun á Karolina Fund sem gekk vel en ég er með einvala lið með mér í þessu verkefni."

## Upplifir kærleika og hlýju

Þegar Edda er spurð hvernig tilfinning það sé að vera eftirlæti þjóðarinnar verður hún hálffeimin og þakkar hólið. „Það merkilega er að þegar maður býr í einhverju landi og fólk þekkir mann og hefur smekk fyrir manni eða ekki, er það eðlilegasti hlutur í heimi. Mér finnst núna, eftir allan þennan tíma, og ég sem er aðeins nýlega búin að slíta barnskónum, að ég upplifi sífellt meiri hlýju og meiri kærleika frá fólki. Ég hitti nær daglega fólk sem finnst það þekkja mig og kemur til mín, faðmar mig eða segir eitthvað fallegt við mig. Þetta fæ ég seint fullþakkað."

Að lokum er Edda spurð hvort hún eigi sér draumahlutverk á leiksviðinu. „Nei, reyndar hef ég aldrei átt mér draumahlutverk. Ef ég hefði haft drauma um ákveðið hlutverk hefði ég bara safnað fólki í kringum mig og leikið það hlutverk. Ég hóf ferilinn í Þjóðleikhúsinu á sínum tíma og finnst gaman að fá tækifæri til að taka að mér svona mörg og fjölbreytt verkefni í Þjóðleikhúsinu á ný."




Edda segir styrkleikakortin gott þjálfunartæki á vinnustöðum, í skólum og félagasamtökum og ekki síður í vinahópum og fjölskyldum.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# Sumardekk

FÖSTUDAGUR 20. APRÍL 2018

**Kynningar:** Nesdekk, N1, Brimborg, Dekkjasalan




Nýtt húsnæði Nesdekkja er sérhannað undir starfsemina og þar er fullkominn tækjabúnaður og aðstaða til að veita bílum af öllum stærðum fyrsta flokks hjólbarðaþjónustu,

## Eitt fullkomnasta dekkjaverkstæði landsins

Nesdekk hafa boðið upp á hjólbarðaþjónustu fyrir bíleigendur til fjölda ára og hafa mikla reynslu og þekkingu á þessu sviði. Eitt glæsilegasta hjólbarðaverkstæði landsins er í nýju húsnæði Nesdekkja að Breiðhöfða 13. Stærðin skiptir ekki máli á Breiðhöfða – allir bílar eru velkomnir.




Breiðhöfði 13
110 Reykjavík
590 2080

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110

Tangarhöfði 15
110 Reykjavík
587 5810

Grjótháls 10
110 Reykjavík
561 4210

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200



Gestur Árskóg, þjónustustjóri atvinnubíla, segir að nýja verkstæðið marki tímamót í starfsemi Nesdekkja.

Hjá Nesdekkjum er hugsað stórt og því hefur verið opnað eitt stærsta og fullkomnasta hjólbarðaverkstæði landsins að Breiðhöfða 13. Nýjasta Nesdekkjaverkstæðið er tilkomið m.a. vegna hraðs uppgangs í ferðaþjónustu og hjá verktakafyrirtækjum í landinu. Þetta hefur kallað á meiri og betri þjónustu við þann stóra og fjölbreytta bílaflota sem fyrirtæki í þessum geira reka.

### Hægt að aka í gegnum húsið að Breiðhöfða

Gestur Árskóg, þjónustustjóri atvinnubíla hjá Nesdekkjum, segir að tilkoma þessa nýja hjólbarðaverkstæðis að Breiðhöfða marki tímamót í starfsemi fyrirtækisins. „Það er óhætt að segja að nýja Nesdekkjaverkstæðið okkar í Breiðhöfðanum sé kærkomin viðbót við Nesdekkjaflóruna. Hér er hugsað stórt í öllu tilliti og nýja húsið er sérhannað fyrir starfsemina með tækjabúnaði og aðstöðu til að veita bílum af öllum stærðum fyrsta flokks hjólbarðaþjónustu," segir Gestur og nefnir m.a. niðurgrafnar lyftur sem henta vel fyrir bíla sem lágt er undir og snertilausar umfelgunarvélar sem rispa ekki felgurnar.

„Þá býður hönnunin upp á þá nýjung að hópferða- og vöruflutningabílar geta keyrt í gegnum verkstæðið. Hér er því á ferðinni eitt fullkomnasta hjólbarðaverkstæði á landinu sem á eftir að gjörbylta möguleikum okkar til að veita eigendum bíla af öllum stærðum betri þjónustu í hvívetna."

Gestur ítrekar að þetta eigi ekki síst við um stóru bílana. „Við erum á besta stað hér í Breiðhöfðanum, bæði miðsvæðis og með þægilega aðkomu fyrir stóra sem smáa. Afkastagetan er mikil og má geta þess að rými er til að sinna fjórum til sex trukkum í einu án þess að það bitni á þjónustu við minni bílana. Kjörorð okkar í Breiðhöfða er: Stærðin skiptir ekki máli – við dekkjum alla bíla."

### Dekkjahótel

Hjá Nesdekkjum er hægt að láta geyma dekk og spara þannig geymslupláss og fyrirhöfn. „Dekkjahótel Nesdekkja býður upp á þægilega leið til að geyma dekk við réttar aðstæður og hafa þau tilbúin næst þegar skipta þarf undir bílnum. Með þessari þjónustu sleppa viðskiptavinir okkar við að meðhöndla dekk sem bera óhreinindi um bílinn og heimilið," segir Gestur.

### Nesdekk bjóða faglega ráðgjöf við dekkjaval

Öll hjólbarðaverkstæði Nesdekkja eiga það sameiginlegt að veita bílaeigendum fyrsta flokks þjónustu. Þar finna bílaeigendur sömuleiðis einhverja breiðustu línu af hjólbörðum sem völ er á, að sögn Gests.

„Nesdekk bjóða upp á sex gæðamerki; Pirelli, Toyo Tires, BFGoodrich, Maxxis, Interstate og Nordexx. Þar geta allir fundið dekk við sitt hæfi í ýmsum verðflokkum. Interstate býður til að mynda upp á gæðadekk á frábæru verði. Toyo-dekkin bjóða upp á lága vegmótstöðu, minni eldsneytisnotkun og lágt veghljóð á meðan Pirelli er einn stærsti dekkjaframleiðandi heims og hannar m.a. gæðadekk í samstarfi við helstu lúxusbílaframleiðendur í heimi. Í því sambandi má nefna Porsche, Ferrari, Lamborghini og McLaren," segir Gestur.

Að hans sögn er það viðurkennd staðreynd að dekkin hafa heilmikið að segja um akstureiginleika bílsins og því veltur öryggi ökumanna og farþega á gæðum þeirra.

„Þess vegna skiptir miklu máli að velja réttu dekkin. Við kappkostum að hjá Nesdekkjum séu fagmenn að störfum sem geti veitt bestu ráðgjöf við dekkjaval og þjónustu sem völ er á. Viðskiptavinirnir geta treyst okkar mönnum fyrir bílum sínum og atvinnutækjum þegar dekkin eru annars vegar," segir Gestur að lokum.

> **Nýverið var opnað nýtt og fullkomið dekkjaverkstæði undir nafni Nesdekkja að Breiðhöfða og eru þau nú orðin sex talsins.**










Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Veffang: frettabladid.is

# Öryggi frá fyrsta til síðasta kílómetra

## N1 er í nánu samstarfi við Michelin og selur sérlega vandaða hjólbarða frá þessum þekktasta hjólbarðaframleiðanda heims og stenst um leið gæðakröfur hans varðandi búnað og þjónustu.

Michelin er án efa þekktasti hjólbarðaframleiðandi heims. Fyrirtækið var stofnað árið 1888 af frönskum bræðrum, þeim André og Edouard Michelin, og er því orðið 130 ára gamalt. Michelin er eitt þekktasta merki heims, enda kannast flestir við Bibendum, eða Michelin manninn, sem er eins konar táknmynd hjólbarða í heiminum. N1 og tengd fyrirtæki hafa verið samstarfsaðilar Michelin á Íslandi áratugum saman.

### Leiðandi í þróun

„Michelin hefur alla tíð verið leiðandi í framþróun hjólbarða í heiminum og komið fram með byltingarkenndar nýjungar í gegnum tíðina. Þar má nefna radíal uppbygginguna á hjólbörðum sem allir framleiðendur notast við í dag, ásamt silica gúmmíblöndu sem gefur þeim möguleika á að hámarka endingu án þess að fórna gripi,“ segir Hermann Elí Hreinsson, vörustjóri hjólbarða hjá N1. „Það sem gerir Michelin kleift að vera leiðandi á markaði er þrotlaus þróunarvinna, sem sést best í því að enginn framleiðandi í heiminum er með fleiri starfsmenn, sem sinna þróun og prófunum á hjólbörðum, en Michelin, en fyrirtækið er með yfir 6.000 starfsmenn í fullu starfi við þá vinnu.“

### Vönduð dekk fyrir allar aðstæður

„Michelin vinnur undir slagorðinu „Total Performance“, sem má best skýra með því að þeir vilja vera framarlega eða fremstir á öllum sviðum,“ segir Hermann. „Þeir eru ekki tilbúnir að fórna gæðum á einu sviði til að auka getu á öðru sviði, t.d. með því að draga úr gripi til að auka endingu.

Michelin er annt um að viðskiptavinir þeirra finni fyrir öryggi yfir allan líftíma hjólbarðans og leggur því gríðarlega mikla vinnu í að hjólbarðinn haldi eiginleikum sínum vel, hvort sem um er að ræða bremsuvegalengd, stýrissvörun eða vatnslosun í gegnum líftíma dekksins,“ segir Hermann.

„Þetta má sjá glöggt í nýju sumardekki frá þeim sem heitir Michelin Cross Climate+. Það er sumardekk fyrir norðlægar slóðir sem hefur vetrareiginleika, sem þýðir að viðskiptavinir geta sett þau undir fyrr á vorin og tekið þau undan seinna á haustin,“ segir Hermann. „Dekkin veita viðskiptavinum mikið öryggi, því þó að komi örlítið hret eru Michelin Cross Climate+ réttu dekkin til að mæta því og þar af leiðandi getur fólk verið rólegt þar til kemur að dekkjaskiptum.


Hermann segir að Michelin sé annt um að viðskiptavinir finni fyrir öryggi á hjólbörðunum þeirra. MYND/ERNIR

Ofan á þessa eiginleika er Cross Climate+ endingarbesta sumardekkið á markaðnum í dag og prófanir hlutlausra aðila á slitnum dekkjum hafa sýnt að þau halda gripi og öðrum eiginleikum allan líftímann mun betur en dekk helstu samkeppnisaðila,“ segir Hermann. „Þetta verður til þess að viðskiptavinir geta nýtt dekkin til hins ýtrasta og þar af leiðandi er kostnaður á ekinn kílómetra minni, svo ekki sé minnst á umhverfisáhrifin, því færri dekkjum er fargað ef ekið er á Michelin.“

### Standast ströngustu kröfur

„N1 leggur mikið upp úr því að standast þær kröfur sem viðskiptavinir hafa varðandi þjónustu. Þar hefur samstarf við Michelin hjálpað okkur mikið. Öll hjólbarðaverkstæði N1 hafa hlotið „Michelin Quality Dealer“ vottun, en þá vottun fá eingöngu þau hjólbarðaverkstæði sem uppfylla ströngustu gæðakröfur Michelin, en fyrirtækið gerir strangar kröfur varðandi gæði ýmissa þjónustuþátta,“ segir Hermann.

„N1 er stoltur samstarfsaðili Michelin og mun halda áfram að vinna hörðum höndum að því að upplifun viðskiptavina sé eins og best verður á kosið.“

Frekari upplýsingar um hjólbarðaþjónustu N1 er að finna á www.N1.is.


www.n1.is facebook.com/enneinn




Michelin CrossClimate+

- Sumardekk fyrir norðlægar slóðir
- Öryggi frá fyrsta til síðasta kílómetra
- Halda eiginleikum sínum vel
- Gott grip við margbreytilegar íslenskar aðstæður
- Veita frábæra aksturseiginleika
- Endingarbestu sumardekkin á markaðnum

Hjólbarðaþjónusta N1

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bíldshöfða | 440-1318 | Langatanga Mosfellsbæ | 440-1378 |
| Fellsmúla | 440-1322 | Reykjavíkurvegi Hafnarfirði | 440-1374 |
| Réttarhálsi | 440-1326 | Grænásbraut Reykjanesbæ | 440-1372 |
| Ægisíðu | 440-1320 | Dalbraut Akranesi | 440-1394 |
| | | Réttarhvammi Akureyri | 440-1433 |

Alltaf til staðar N1

# Með dellu fyrir fornbílum

Einar Gíslason hefur safnað fornbílum í nokkra áratugi og á um 30 slíka bíla. Hann gerir upp fornbíla í frístundum sínum og segir góðan félagsskap í kringum þetta áhugamál sitt.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Einar Gíslason, framkvæmdastjóri ET ehf., hefur safnað fornbílum í nokkra áratugi og á í dag um 30 slíka. Stóran hluta þeirra á hann eftir að gera upp en þrettán bílanna eru í góðu standi og keyrir hann þá yfir sumartímann.

„Ég hef átt marga bíla um ævina en segja má að ég hafi eignast fyrsta fornbílinn árið 1966. Það var fyrsti bíllinn sem ég ætlaði mér að geyma. Um er að ræða fjögurra dyra Ford Sedan með bílnúmerið Í-271. Ég frétti gegnum vin minn að bíllinn hefði oltið við Þingeyri með þeim afleiðingum að ég fékk hann keyptan.“

Einhver tími leið þar til næsti fornbíll bættist í hópinn en síðan fjölgaði þeim jafnt og þétt gegnum árin. „Næstur í röðinni var Buick Riviera árgerð 1966, en með þeim kaupum fékk ég hálfgerða dellu fyrir fornbílum og byrjaði að safna þeim. Nú á ég t.d. tólf Buick-bíla af ýmsum gerðum, t.d. tvö stykki af Buick Roadmaster 1941, annan tveggja dyra og hinn fjögurra dyra. Einnig á ég Buick Roadmaster 1949, Buick Roadmaster 1952, Buick Special 1957, Buick Electra, 1965 Buick Electra 1960, Buick Riviera 1966, Buick Riviera 1968, Buick Electra 1969, Buick Riviera 1971 og Buick Riviera 1972.“



Einar Gíslason hefur safnað fornbílum í áratugi og gert þá upp. Hann á í dag um 30 slíka. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI



## Mikið úrval bíla

Meðal annarra fornbíla sem Einar á nefnir hann Chevrolet 1944, Chevrolet Pickup 1956, Chevrolet Impala 1959 fjögurra dyra hardtop, Oldsmobile 1971, Dodge Weapon 1953, Desoto 1953, Ford Coupe 1950, VW-bjöllu 77 með blæju, VW-bjöllu 1975, GMC Astro 1973 og 1975, Scania 76 árgerð 1967, Scania 142 1986, Pontiac Firebird 1968, Pontiac Bonneville 1969 sem er tveggja dyra, Woseley 1938 og Ford F-250 1982. „Af þessum bílum eru Woseley 1938 og Chevrolet Impala 1959 þeir einu sinnar tegundar hér á landi.“

Flesta ökufæra bíla geymir hann í skýli við Reykjavíkurflugvöll. „Ég keyri þá reglulega yfir sumartímann og vekja þeir oft mikla athygli. Þess á milli keyri ég með fornbílaklúbbnum sem er skemmtilegur félagsskapur fólks með sama áhugamál og ég.“

## Oft kátt á hjalla

Eins og fyrr segir eru ekki allir bílarnir ökuhæfir en Einar er með dótakassa þar sem hann gerir upp fornbíla í ró og næði, þegar tími gefst til. „Núna er ég t.d. að gera upp Ford 1959 tveggja dyra hardtop, Buick Roadmaster fjögurra dyra 1949 og VW-bjöllu 1975.“

Það er góður félagsskapur kringum fornbílana að sögn Einars. „Við hittumst t.d. hópur karla á hverjum föstudegi hér á fornbílaverkstæðinu og förum yfir málin. Það er óhætt að segja að þá sé meira talað og minna unnið í bílunum enda yfirleitt kátt á hjalla.“



Rauði liturinn vekur alltaf athygli.








# Gæðadekk á hagstæðu verði

**Nokian dekkin eru sannkölluð gæðadekk sem henta fullkomlega við aðstæður á norðurslóðum. Þau hafa verið þróuð í áratugi þar sem aðaláherslan er lögð á öryggi bílstjóra og farþega hans.**

Nokian sumardekkin hafa verið seld hér á landi með góðum árangri í tvo áratugi. Dekkin eru ættuð frá Finnlandi en þar hafa þau verið þróuð í rúma átta áratugi við aðstæður norðlægra slóða segir Sigurjón Árni Ólafsson, framkvæmdastjóri MAX1 bílavaktarinnar. „Nokian dekkin eru sannarlega „rollsinn“ í þessum bransa enda sannkölluð gæðadekk sem henta fullkomlega við aðstæður á norðurslóðum. Bæði sumar- og vetrardekkin frá Nokian hafa verið sigurvegarar í nær öllum dekkjaprófum víða um heim undanfarin ár og eru a.m.k. alltaf í einu af þremur efstu sætunum. Þau eru því sannkölluð gæðavara á mjög hagstæðu verði.“



Sigurjón Árni Ólafsson (t.h.) er framkvæmdastjóri MAX1. Með honum á myndinni er Jóhann Kári Enoksson, rekstrarstjóri MAX1 Hafnarfirði. MYND/ANTON BRINK

> Nokian hafa verið sigurvegarar í nær öllum dekkjaprófum víða um heim undanfarin ár og eru a.m.k. alltaf í einu af þremur efstu sætunum.
>
> Sigurjón Árni Ólafsson

### Í stöðugri þróun

Sigurjón segir sumardekkin frá Nokian þeim eiginleikum gædd að vera framúrskarandi í bleytu sem eru erfiðustu aðstæðurnar á sumrin. „Dekkin eru í stöðugri þróun og sumardekkin í ár, sem eru ætluð jeppum og jepplingum eða svonefnd SUV dekk, hafa sérstaka Aramid hliðarstyrkingu. Efnasamband hliðanna er einstaklega endingargott og inniheldur gríðarsterkar aramídtrefjar sem meðal annars eru notaðar í skotheld vesti. Aramid hliðarstyrkingin eykur endingu dekksins, verndar fyrir óvæntum aðstæðum og tryggir að dekkið höggvist ekki í sundur í erfiðum og djúpum holum. Þannig má segja að hliðarstyrkingin geti bjargað mannslífum enda leggur Nokian aðaláherslu á öryggi bílstjóra og farþega hans.“

### Tækjabúnaður uppfærður

MAX1 rekur þrjár stöðvar, tvær í Reykjavík og eina í Hafnarfirði. „Við erum búin að uppfæra tækjabúnaðinn á stöðvum okkar og erum á fullu í breytingum við stöð okkar í Hafnarfirði sem verður lokið í haust með fullkomnum tækjabúnaði og fleiri þjónustustæðum. Þar munum við einnig vera með glæsilegt dekkjahótel þar sem við getum hýst dekk 800 viðskiptavina en sífellt fleiri sækjast eftir þeirra þjónustu.“

Hægt er að skoða öll dekkin á vef MAX1.is en þar er að finna allar nauðsynlegar upplýsingar um þau. „Vefurinn inniheldur m.a. allar upplýsingar um hvernig dekkin standa sig í bleytu, hver eldsneytisstaðallinn er auk upplýsinga um umhverfisháváða. Þannig fá viðskiptavinir okkar allar nauðsynlegar upplýsingar um dekkin sem einfaldar allt kaupferlið til muna.“

Nánari upplýsingar á www.max1.is.




MAX1 BÍLAVAKTIN

Bíldshöfða 5a Reykjavík S. 515 7190

Jafnaseli 6 Reykjavík S. 515 7190

Dalshrauni 5 Hafnarfirði S. 515 7190

Opnunartími: Virka daga kl. 8-17 Laugardaga sjá MAX1.IS

MAX1.IS

# Mustang Solla



Mustang Klöru er GT 2007, 301 hestafl og 4,6 lítrar. MYNDIR/ERNIR

## Geðhjúkrunarfræðingurinn Sólveig Klara Káradóttir lét draum um Mustang rætast.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég hef alltaf haft gaman af bílum og þekkti flestar bílategundir þegar ég var fjögurra ára. Á unglingsárunum þótti mér hallærislegt þegar strákar létu á sér bera á flottum köggum og lagði mig fram um að horfa ekki á bílana, og seinna varð ég hagsýnni í hugsun og gerði þá einu kröfu að bílar kæmu mér frá A til B,“ segir Sólveig Klara Káradóttir sem einn föstudag 2014 fann skyndilega sterka löngun í sportbíl.

„Ég hafði verið að bræða þetta með mér og átti peninga í sjóði sem ég hafði hugsað mér að nota í nýtt eldhús og bað. Því ákvað ég að láta eftir mér að kaupa sportbíl og langaði að keyra norður á alvöru kagga og koma sonum mínum á óvart,“ segir Klara sem sendi strax póst á bílasölur og náði að skoða tvo bíla, Mustanginn og Charger.

„Þetta var síðla dags svo ekki varð af kaupunum en stuttu síðar kom eigandi Mustangsins norður og ég fékk að taka í hann aftur. Ég gjörsamlega kolféll fyrir bílnum og borgaði hann út á staðnum,“ segir Klara sem þá var á leið á kvöldvakt. „Við skrifuðum því undir samninginn í setustofu geðdeildar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri,“ segir hún og skellir upp úr.



Sólveig Klara Káradóttir.

### Nýtur þess að vera til

Klara segist flestum kunn fyrir að vera nægjusöm og nýtin og því hafi kaupin á Mustangnum komið mörgum spánskt fyrir sjónir.

„Lengst af gat ég ekki keypt mér neitt fínt án þess að fá samviskubit. Svo fór ég að endurskoða hvað skipti mig máli í lífinu og leyfa mér að njóta þess að vera til. Sambýlismaður minn á þeim tíma sem ég keypti Mustanginn hjálpaði mér mikið við að leyfa mér hluti og njóta þess. Ég fékk því nýtt viðhorf og nýja sýn,“ segir Klara sem fyrst eftir kaupin fór oft út í glugga til að stara á kaggann sinn. „Ég gat vart trúað því að þetta væri bíllinn minn og fann fiðring innra með mér í hvert sinn.“

Klara notar Mustanginn sem sparibíl á sumrin.

„Það er ólýsanlegt frelsi að keyra um göturnar með blæjuna niðri. Eitt sumarkvöldið skrapp ég á Húsavík og þá hafði verið 17 stiga hiti á Akureyri. Á heiðinni fann ég hvernig hitastigið lækkaði og mér var orðið ansi kalt á puttunum þegar hitinn var kominn í sex stig en ég tímdi ekki að stoppa og setja blæjuna upp fyrr en ég var komin niður,“ segir Klara sem var áður í hestamennsku.

„Þegar ég hætti í hestunum fékk ég mér öðruvísi hestöfl og upplifunin er svipuð, að þeysast um með vind í vanga. Ég elska að fara í bíltúr með vini mína en það eru ekki allir sem fíla sig vel í blæjubíl með græjurnar í botni nema fjögurra ára nafna mín sem spyr mömmu sína tíðum hvenær Klara komi aftur með brúmm brúmm bílinn.“

Þessa dagana er Klara að velta fyrir sér einkanúmeri á Mustanginn og vissulega kemur Brúmm til greina.

„Ég var kölluð Solla þegar ég var lítil og ætti kannski að fá mér númerið Mustang Solla til heiðurs Mustang Sally, en það var auðvitað fyrsta lagið sem var sett á í bílnum. Númerið má þó bara vera sex stafir, svo ég yrði að stytta það í M Solla,“ segir hún og hlær við.

### Dreymir evrópskt „road trip“

Mustang Klöru er nýsprautaður og bíður þess að fá á sig svartar 20 tommu felgur, „shaker“ með loftinntaki á húddið, „scoop“ og svartar rendur á hliðarnar, svuntu að framan og vindskeið að aftan.

„Liturinn er blár eins og íslensk heiðríkja,“ segir Klara og er alsæl með útkomuna. „Mig langaði að hafa bílinn einstakan á litinn þegar komið var ryð í hann. Ég talaði því við Brynjar Smára Þorgeirsson í Bílalökkun Kópsson, sem er mikill Mustang-maður og hafði sjálfur hannað litinn Mexico Blue sem hann leyfði mér að nota á bílinn,“ segir Klara um bílinn sem er með 301 hestafls og 4,6 lítra vél. Ef bíllinn verður tilbúinn 5. maí fer hann á sýningu í Brimborg þar sem hægt verður að skoða hann í návígi.

„Mig dreymir um að fara á bílnum í „road trip“ um Evrópu en næst er draumurinn að fara á Mustang-viku í Flórída í haust, áður en ég fer í útskrift sonar míns úr kvikmyndaskóla í Los Angeles. Hinn sonur minn, sem er mikill bílakall, segir um móður sína að hún lifi ekki í venjulegum boxum, verandi dáleiðandi, búfræðingur, geðhjúkrunarfræðingur og eigandi að þessum flotta bíl, og hafa sótt námskeið í súludansi og jiu-jitsuglímu,“ segir Klara sem notar dáleiðslu í starfi sínu sem hjúkrunarfræðingur en líka þess utan.

„Ég nota dáleiðslu mest við flughræðslu og flestir sem komið hafa til mín eru farnir að fljúga, en líka við svefnvanda, streitu og til þess að bæta frammistöðu,“ upplýsir Klara en hægt er að hafa samband við hana á netfanginu daleidsla.klara@gmail.com.



# Ótrúlegt úrval af felgum!

Dekkjasalan heldur upp á átta ára starfsafmæli sitt í dag. Margt hefur breyst á þessum átta árum og hefur fyrirtækið stækkað frá því að vera einn starfsmaður upp í að vera sjö fastir starfsmenn.

Hér er líklega mesta úrval landsins af felgum," segir Valdimar Sigurjónsson, eigandi Dekkjasölunnar, þar sem hann stendur við stóran sýningarvegg með felgum. Nú fyrir vortörnina voru um fimm þúsund felgur á lager og um sjö hundruð mismunandi útlitsútfærslur.

„Það er ekki laust við að fólk fái stundum svolítinn valkvíða þegar það sér úrvalið," segir Valdimar brosmildur. „Við höfum gantast með að fólk eigi fyrst að koma á Dekkjasöluna og finna flottustu felgurnar, og í kjölfarið að velja sér bíl enda eru felgurnar einn stærsti þátturinn í útliti bílsins."

### Mikið úrval fylgihluta og dekkja

Dekkjasalan hefur einnig á boðstólum flesta aukahluti þegar kemur að felgum, eins og felgubolta, rær, miðjuhringi, miðjulok og millilegg, ásamt því að geta forritað loftþrýstiskynjara fyrir flestar tegundir bíla.

„Á þessum átta árum frá því ég stofnaði Dekkjasöluna hefur gríðarmikið breyst, bæði hvað varðar fyrirtækið sjálft og umgjörð þess. Þá hafa miklar ytri breytingar átt sér stað sem hafa mikil áhrif á rekstur fyrirtækisins. Til dæmis hefur bílaflotinn stækkað svo um munar og þar hafa bílaleigurnar haft mikil áhrif. Ástand vegakerfisins er líka með þeim hætti að við sem erum að þjónusta með val á dekkjum þurfum að taka mikið tillit til þess við ráðgjöf okkar," segir Valdimar innan um úrval gæðadekkja fyrir sumarið.

„Hingað geta komið tveir einstaklingar á nákvæmlega eins bíl, en eftir að hafa rætt við viðkomandi getur verið töluvert mismunandi hvaða dekk hentar þeim best. Þá er gott að geta boðið upp á mikið og fjölbreytt úrval til að geta þjónustað viðskiptavini sem best," segir Valdimar.



Frá vinstri standa Ástþór Ernir Hrafnsson, Donatas Kacinskis, Egidijus Vilimas, Sigrún Guðmundsdóttir og Valdimar Sigurjónsson í Dekkjasölunni. Eins og sjá má á myndunum er úrval af felgum glæsilegt. MYND/ERNIR



> „Við göntumst með að fólk eigi fyrst að finna flottustu felgurnar og svo velja sér bíl enda eru felgur einn stærsti þátturinn í útliti bílsins.
>
> Valdimar Sigurjónsson

### Fyrirhugaðar breytingar

Á átta ára afmæli Dekkjasölunnar segir Valdimar tímabært að breyta skipulagi í gegnum vor- og hausttarnir fyrirtækisins.

„Við ætlum að auka við okkur vinnusvæði og koma okkur upp tímapantanakerfi að hluta til, þannig að viðskiptavinir sem eru með dekkin á dekkjahóteli komi alfarið í tímapantanir á meðan hinir sem koma með dekkin með sér fari í biðröðina. Þannig ætlum við að stytta biðina fyrir báða hópa og reyna að minnka biðraðirnar sem myndast vor og haust í dekkjaskiptum."

Dekkjasalan ehf. er í Dalshrauni 16 í Hafnarfirði. Allar vörur eru skráðar með verði og myndum á dekkjasalan.is. Sími 587 3757. Netfang: dekkjasalan@dekkjasalan.is.

DEKKJASALAN



Vertu til er vorið kallar á þig

Dekkjasalan Dalshrauni 16, Hafnarfirði - 587 3757 - dekkjasalan.is



Gæði dekkjanna skipta miklu máli.

## Dekkjahótel eru þægileg

Vorið kallar á dekkjaskipti. Svokölluð dekkjahótel hafa verið að ryðja sér til rúms hér á landi. Flest hjólbarðaverkstæði bjóða upp á þá þjónustu. Fólk hefur geymslu fyrir dekkin sín og getur gengið að þeim vísum vor og haust. Þegar maður er með dekkin á „hóteli“ verða dekkjaskiptin einföld því þau fara fram á sama stað. Ef eitthvert dekkjanna er slitið er hægt að fá önnur eins þar sem dekkjasala fer einnig fram á staðnum. Þar fyrir utan þarf að geyma dekkin rétt. Það getur skapast hætta af geymslu á hjólbörðum. Önnur ástæða er að margir bílar eru orðnir svo stórir og dekkin sömuleiðis þannig að það þarf tæki til að færa þau til.

Á meðan á hjólbarðaskiptum stendur getur eigandi bílsins setið á kaffistofunni og slappað af. Verkstæðismennirnir finna dekkin, setja þau undir, athuga með loft og gæði og setja vetrardekkin í geymsluna. Mynstur í dekkjum eru háð reglum og fagmennirnir á verkstæðinu athuga hvort þau eru lögleg. Dekkjahótel eru því óneitanlega þægilegur kostur þegar maður hefur fundið „sitt“ hjólbarðaverkstæði.



Ef það ferst fyrir að setja sumardekkin undir bílinn getur það kostað 20 þúsund á dekk.

## Sumardekk eða sekt

Núna er rétti tíminn til að setja sumardekkin undir bílinn því óheimilt er að nota nagladekk á tímabilinu frá 15. apríl og til og með 31. október. Ef þessi tímamörk eru ekki virt getur það svo sannarlega kostað skildinginn því þann 1. maí næstkomandi tekur gildi ný reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim. Með þessari nýju reglugerð hækkar sektin úr 5.000 krónum í 20.000 krónur fyrir hvert nagladekk og sömuleiðis fyrir hvern ónothæfan hjólbarða. Það borgar sig líka að spenna beltin því sektin við að nota ekki öryggisbelti verður einnig 20.000 krónur. Þá verður sektin fyrir að hafa ökuskírteinin ekki meðferðis 10.000 krónur.

## Naglarnir auka á mengun

Bíll á nagladekkjum slítur malbiki um það bil hundraðfalt hraðar en bíll á óneglduм dekkjum. Áhrifaþættir á slit malbiks eru m.a. gerð nagla, fjöldi nagla í dekki, þyngd ökutækis, hraði og ökulag.

Tvær rannsóknir á samsetningu svifryks í Reykjavík hafa verið gerðar og sýndi sú fyrri, frá árinu 2003, að hlutfall malbiks í svifryki var rúmlega 55% en á þeim tíma voru yfir 60% bifreiða á nöglum. Árið 2012 var hlutfall malbiks í svifryki um 18% en þá voru um 35% bifreiða á nöglum. Rannsóknirnar vann Efla verkfræðistofa fyrir Vegagerðina og má lesa skýrsluna á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

### Hvað er svifryk?

Svifryk (PM10) er agnir, minni en 10 míkrómetrar (μm) að stærð sem eiga greiða leið ofan í öndunarfærin. Svifryksmengun er ein af helstu ástæðum heilbrigðisvandans sem rekja má til mengunar í borgum. Svifryk er mælt reglulega í tveimur föstum mælistöðvum í Reykjavík, á Grensásvegi og í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og auk þess eru í notkun tvær færanlegar mælistöðvar.



Svifryk er skaðlegar agnir sem eiga greiða leið ofan í öndunarfæri manna.




## Bílar & Farartæki




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

### Bátar




**HEIMAVÍK**
Flotnet, sökknet, reynsla þekking gæði Heimavík. S. 892 8655 www.heimavik.is



**NÝTT - NÝTT - NÝTT HEIMAVÍKUR PLÖTUKRÓKA NR. 12**
Góð reynsla - meiri afli Heimavík ehf Heimavik.is sími 892-8655

## Þjónusta

### Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

**HELLULAGNIR**
**LÓÐAFRAMKVÆMDIR**
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

### Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur inni og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**SÖGUN OG BORUN.**
Kjarnaborun og steypusögun. Múrbrot, raufar í gólf fyrir hitalagnir og rafmagn.
**S: 7778371/ 8923553**

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvikur. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

**HUMARSALAN**

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677


**ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?**

Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS job.is


### Skemmtanir




### Tilboð


**Ertu að leita að talent?**

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**



talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

**Bryndís**
**GSM: 773 7400**

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF


**Snyrti & nuddstofan Smart**
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Tilboð**

**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**
***á aðeins 5.500.-***

***Verið hjartanlega velkomin.***

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vigsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

**AUÐBREKKA - ATVINNUHÚSNÆÐI TIL LEIGU**
Til leigu 275 fm húsnæði á annarri hæð við Auðbrekku. Innkeyrsludyr aftan við hús.
**Laust strax. s. 897 9743**

**AUÐBREKKA - ATVINNUHÚSNÆÐI TIL LEIGU**
Til leigu 85fm rými á jarðhæð við Auðbrekku. Einnig 15fm og 30fm skrifstofuherbergi.
**Laust strax. s. 897 9743**

**ATVINNUHÚSNÆÐI**
TIL LEIGU 50 m2 Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Atvinna

## Atvinna í boði

Starfskraft vantar í Sauðburð æskilegt að viðkomandi gæti unnið inniverk með Uppl. í s. 864 2146

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Tilkynningar

# TILLÖGUR AÐ DEILISKIPULAGSÁÆTLUN Á ÁLFTANESI

**DEILISKIPULAG MIÐSVÆÐIS - FORKYNNING**

Í samræmi við 3. mgr. 40. greinar skipulagslaga nr. 123 2010 auglýsir Garðabær hér með forkynningu á tillögu að deiliskipulagi Miðsvæðis á Álftanesi.
Svæðið sem skipulagið nær til eru óbyggð svæði í Breiðumýri, á milli Suðurnesvegar og byggðar, svæði umhverfis Þorukot og Haukshús, svæðið sunnan Brekku og Tjarnarbrekku og svæði austan við Kirkjubrekku / Tjarnarbrekku að Álftanesvegi. Stefnt er að því að fella núverandi byggð á Suðurnesi inn í deiliskipulagið og á það bæði við um svæði þar sem deiliskipulag er í gildi og þar sem ekkert deiliskipulag er í gildi eins og Vestri-Skógtjörn og Lambhagi.
Tillagan byggir á vinningstillögu deiliskipulagssamkeppni sem fram fór á síðasta ári.
Gert verður ráð fyrir alls um 380 íbúðareiningum á svæðinu þar af 2/3 í fjölbýli.
Forkynning stendur yfir til 11. maí 2018.

**DEILISKIPULAG BESSASTAÐA - TILLAGA AÐ BREYTINGU - FORKYNNING**

Í samræmi við 3. mgr. 40. greinar skipulagslaga nr. 123 2010 auglýsir Garðabær hér með forkynningu á tillögu að breytingu deiliskipulags Bessastaða.
Tillagan gerir ráð fyrir gerir ráð fyrir að breyttri legu og stækkun bílastæðasvæðis og breyttri útfærslu á svæði framan við kirkju.
Forkynning stendur yfir til 11. maí 2018.

**NORÐURNES – DEILISKIPULAG – VERKEFNISLÝSING**

Í samræmi við 1. mgr. 40. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 er verkefnislýsing deiliskipulags Norðurness á Álftanesi hér með auglýst ásamt matslýsingu í samræmi við lög um umhverfismat áætlana.

**Kynningarfundur verður haldinn í hátíðarsal íþróttamiðstöðvarinnar á Álftanesi, fimmtudaginn 26. apríl klukkan 17.15.**

Þar verða tillögurnar og verkefnislýsing kynntar og fyrirspurnum svarað.
Þar verður einnig kynnt tillaga að deiliskipulagi Holtstúns sem nú er í auglýsingu.
Athugasemdafrestur þeirrar tillögu rennur út 7. maí. Sjá á heimasíðu Garðabæjar.

Á meðan á forkynningu stendur er hægt að koma ábendingum til skipulagsstjóra sem einnig mun svara fyrirspurnum um útfærslur tillagnanna. Öllum ábendingum verður komið á framfæri við skipulagsnefnd og bæjarstjórn, en vakin er athygli á því að þær teljast ekki formlegar athugasemdir.
Að lokinni forkynningu og úrvinnslu ábendinga verða tillögurnar lagðar fram í skipulagsnefnd og vísað þaðan til afgreiðslu bæjarstjórnar. Þegar bæjarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi verður það gert með áberandi hætti og gefst þá tækifæri til að gera formlegar athugasemdir við tillöguna innan athugasemdafrests.

Tillagan er aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is og í þjónustuveri Garðabæjar til 11. maí 2018.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri Garðabæjar.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS




# RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR

**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

## Fréttablaðið með þér í sumar.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:

BÓNUS FJÖRÐUR Samkaup bóksala stúdenta

SMÁRALIND Kringlan N1 nettó olís Háma







FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Hæg norðlæg eða breytileg átt í dag. Dálítil væta norðanlands, einkum með ströndinni, en stöku skúrir um sunnanvert landið. Hiti víða 5 til 10 stig að deginum.




## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 0° | 3° |
| ← 7 | ← 7 | ↙ 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 3° | 6° | 4° |
| ← 4 | ← 10 | ↖ 2 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 2° | 1° |
| ↙ 5 | ↙ 8 | ↙ 7 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 3° | 5° | 2° |
| ↙ 4 | ← 4 | ↙ 9 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 4 | 1 | | | 8 | 6 |
| 5 | | | 3 | 7 | 8 | | 9 | |
| 4 | | | | 9 | | 7 | | |
| | 4 | | | | | | | 8 |
| | | 7 | 8 | | | 9 | | |
| | | 5 | | | | | 3 | |
| | 8 | 3 | 7 | | | | 1 | 2 |
| 1 | | 6 | 2 | 3 | 4 | | 7 | |
| 2 | | | 1 | | | | 6 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | | 5 | 8 | 1 |
| 6 | | | 7 | | | | | |
| 8 | 4 | | 9 | | 2 | 3 | | |
| 4 | | | | | 6 | | 7 | 9 |
| | | | 2 | | | 4 | | 3 |
| 9 | 1 | | | 4 | | 2 | | |
| | | | | | | | | |
| | 8 | | 4 | 6 | | | 9 | |
| 2 | 6 | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 9 | 6 | | | | 5 |
| | 5 | | | | | | 6 | |
| 3 | | 4 | | | | | 8 | |
| 1 | 4 | | | | | | 5 | |
| | | | | | | | 9 | |
| | 8 | | 1 | | 4 | | | |
| | 2 | | | | | 9 | | 8 |
| | | | 7 | | | | 1 | 3 |
| | 3 | 1 | | 5 | | 2 | 7 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. langloka
5. ái
6. í röð
8. fugl
10. í röð
11. ferð
12. flötur
13. læknast
15. nálægð
17. flugfar

**LÓÐRÉTT**
1. orka
2. niður
3. skjón
4. tormerki
7. gæsla
9. áhlaup
12. hæð
14. rangl
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT**: 1. romsa, 5. afi, 6. gh, 8. fasani, 10. mn, 11. túr, 12. hlið, 13. gróa, 15. nálgun, 17. flaug.
**LÓÐRÉTT**: 1. rafmagn, 2. ofan, 3. mis, 4. agnúi, 7. hirðing, 9. atlaga, 12. hóll, 14. ráf, 16. uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Lenka Ptácníková (2.198) átti leik gegn úkraínsku landsliðskonunni Nataliu Zhukovu (2.426) á EM kvenna.



**Svartur á leik**

**29. … Da5! 30. e4??** (30. Bxf7 De1+ 31. Kg2 He3! og vinnur. Eini leikurinn sem dugar til jafnteflis er 30. Hc7!) **30. … dxe3!** Ótrúlegt að jafn sterkri skákkonu og Zhukovu hafi yfirsést framhjáhlaup. **31. Hc7 e2! 32. Hxf7+ Kh8** og svartur vann skömmu síðar. Lenka hlaut 5 vinninga í 11 skákum.

**www.skak.is:** Carlsen teflir í Aserbaídsjan

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | 2 | 5 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 4 | 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 9 | 5 | 6 |
| 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 4 | 2 | 8 | 3 |
| 5 | 9 | 6 | 4 | 8 | 1 | 7 | 3 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 | 4 | 8 |
| 8 | 4 | 7 | 3 | 6 | 2 | 1 | 9 | 5 |
| 2 | 8 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 7 |
| 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 8 | 2 | 9 |
| 9 | 7 | 1 | 8 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 7 | 4 | 6 | 2 | 5 | 9 | 8 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 | 6 | 7 | 2 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 9 | 3 | 2 | 1 |
| 6 | 4 | 1 | 2 | 7 | 3 | 9 | 8 | 5 |
| 9 | 2 | 3 | 8 | 1 | 5 | 7 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 2 | 9 | 3 | 8 | 1 | 5 | 4 |
| 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 4 | 8 | 6 | 9 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 8 | 5 | 3 | 9 | 2 | 7 |
| 5 | 7 | 2 | 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 |
| 7 | 3 | 5 | 2 | 4 | 9 | 6 | 8 | 1 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 |
| 3 | 5 | 7 | 4 | 1 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 4 | 8 | 7 | 6 | 2 | 1 | 3 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

**Þegar amma hringdi í Saddam**
Barnabörn **Jóhönnu Kristjónsdóttur** rithöfundar og blaðamanns halda minningu hennar á lofti.



**Loksins lifi ég**
**Alexandra Sif Herleifsdóttir** hefur glímt við kvíða frá því hún lenti í einelti í grunnskóla. Hún og móðir hennar segja frá glímunni.



**Krísa í Indlandi**
**Alda** hrottalegra nauðgana skekur indverskt samfélag.



**Hitað upp fyrir HM**
Fréttablaðið hitar upp fyrir HM: Nokkur ríki hyggjast sniðganga mótið.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



FJÖRÐUR

# GAKKTU Í BÆINN

## í miðbæ Hafnarfjarðar

föstudaginn 20. apríl

**Opið til kl. 21**

**20-40% afsláttur**



# TILBOÐ Í VERSLUNUM

Léttar veitingar | Vörukynningar
Trúbadorar | Spennandi kvölddagskrá

Kraftur og gróska í listalífinu í Hafnarfirði endurspeglast í viðburðinum Gakktu í bæinn þegar listamenn, hönnuðir og handverksfólk í miðbænum opna vinnustofur sínar fyrir gestum og gangandi. Þá verða verslanir í miðbænum opnar fram á kvöld og tilvalið að kaupa fallega hönnun í hjarta Hafnarfjarðar.

## MYNDLIST

**Ingvar Björn sýnir risamyndir**

*Einstakur viðburður sem þú mátt ekki missa af. Aðeins í nokkra daga.*







201804 www.fjardarfrettir.is




**NÝJUNG**

**Krispy Kreme kaffi**

Hin fullkomna kaffiblanda. 100% Arabica.
Baunir og malað. Framleitt af Te & Kaffi

**998** kr/pk

Tilboð gilda út 22. apríl



**TILBOÐ**

**Bakaríið kanillengja**

Góð með kaffinu

**599** kr/stk

Verð áður 899



**Jarðarber 1 kg**

Sæt og safarík

**1.099** kr/ks




**Scratch & grain kökumix**

Einfalt, þægilegt og bragðgott

**699** kr/pk




**Nóa Lakkrísperlur 20% meira**

Piparperlur og karamellur

**299** kr/pk




**Kipputilboð**

6 stk af 330 ml Pepsi, Pepsi Max,
Kristal eða Appelsín

**539** kr/pk




**Tostitos snakk**

Ekki sætta þig við annað

**979** kr/pk

# Meira gott




30% afsláttur

**Lamba innralæri**

3.149 kr/kg

verð áður 4.499 kr/kg




20% afsláttur

**Grand Orange lambafile**

4.799 kr/kg

Verð áður 5.999 kr/kg




15% afsláttur

**Úrbeinuð kjúklingalæri**

2.039 kr/kg

Verð áður 2.399 kr/kg




25% afsláttur

**Kálfa Entrecote**

3.749 kr/kg

Verð áður 4.999 kr/kg

HAGKAUP

Meira svona alla daga

# Menningarlega séð er minni þjóðarinnar í safninu

**Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er 200 ára á þessu ári. Af því tilefni var opnuð sögusýning í safninu þar sem getur að líta margt fróðlegt og skemmtilegt sem safnið hefur viðað að sér.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður segir að Þjóðarbókhlaðan sé vandað hús sem þjóni tilgangi sínum vel. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn fagnar á þessu ári 200 ára afmæli sínu. Af því tilefni var opnuð á síðasta vetrardag stór sýning um sögu safnsins í 200 ár sem ber heitið Tímanna safn. Á sýningunni er stiklað á stóru í helstu áföngum í sögu safnsins en Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður segir að þetta séu vissulega stór tímamót fyrir safnið. „Það er ótrúlega skemmtilegt að fá að upplifa þetta sem landsbókavörður. Sýningin kemur til með að spanna öll þessi 200 ár í sögu safnsins og við eigum töluvert af heimildum um þessa merku sögu og það hefur verið öflugur hópur starfsmanna sem hefur unnið að þessu verki.“

## Fyrsti starfsmaðurinn

Ingibjörg Steinunn segir að safnið hafi verið stofnað árið 1818 og að Hið íslenska bókmenntafélag hafi átt þar hlut að máli. „Þetta var mikið rætt á þeim vettvangi en svo var það reyndar þýskur norrænufræðingur sem átti tillöguna að þessu og menn voru fljótir að grípa hana. Þessi umræða barst hingað til lands og þá var það biskup í Reykjavík sem sendi bréf til Kaupmannahafnar og bað um fjármagn til þess að koma hugmyndinni áfram. Í þá tíð var gjarnan byrjað á því að safna bókum erlendis, þetta voru einkum vísinda- og fræðirit, sem voru hreinlega ekki til hér. Við eigum þessa fyrstu aðfangaskrá þar sem kemur fram hvaða bækur þetta voru sem bárust í þessari fyrstu gjafasendingu og hún er á sýningunni.“

Á þessum 200 árum hefur húsakostur safnsins verið með ýmsum hætti en Ingibjörg Steinunn segir að safnið hafi fyrst verið opnað á Dómkirkjuloftinu. „Það hélt reyndar lengi vel hvorki vatni né vindi og safnið var alla vega tekið tvisvar niður og flutt upp í Íþöku í Menntaskólanum í Reykjavík á meðan verið var að gera við þakið á kirkjunni. Þar voru engar hillur og allt frekar erfitt. Það var enginn fastur starfsmaður heldur einvörðungu bókasafnsnefnd en svo kom að því að Jón Árnason þjóðsagnasafnari var ráðinn í tímavinnu. Hann fékk reyndar seint og illa borgað en var þó engu að síður viðloðandi safnið í ein fjörutíu ár. Hann var ráðinn til þess að raða bókunum og svona en á þeim tíma var opið í um tvær klukkustundir á viku sem jókst svo smám saman þó að hægt gengi.

Á endanum var Jón svo fastráðinn við safnið og telst því vera fyrsti fastráðni bókavörðurinn á Íslandi. Síðustu árin sem hann starfaði var safnið flutt í Alþingishúsið sem þá var nýbyggt en það hafði verið gert ráð fyrir safninu þar alveg frá upphafi. Þá voru ráðnir inn fleiri bókaverðir og talsverð breyting varð á starfseminni enda þurfti orðið að hafa opið miklu lengur. Að auki þá var bæði presta- og læknaskólinn og svona þessir skólar sem voru vísir að háskóla einnig í Alþingishúsinu og það þurfti að þjónusta þá. Að endingu kom svo að því að það var tekin ákvörðun um að byggja sérstakt Landsbókasafn og þá var húsið við Hverfisgötuna byggt sem við þekkjum sem Safnahúsið í dag.“

## Öllum opið

Það er áhugavert að skoða hversu mikið safnið hefur verið nýtt í gegnum tíðina og Ingibjörg Steinunn segir að talsverð gögn séu til um þetta og eitthvað af þeim sé hægt að skoða á sýningunni. „Þetta voru vissulega fá útlán til að byrja með en svo jókst það smám saman. En svo var það líka þannig lengi vel, eins og á Hverfisgötunni til að mynda, að ákveðinn hluti bókanna var aðeins lánaður á lestrarsal. Þetta var ekki eins og almenningsbókasafn þar sem var hægt að taka bækurnar með heim og það er þannig enn þann dag í dag hjá okkur að ákveðinn hluti er aldrei lánaður út heldur aðeins til skoðunar á lestrarsalnum þó að við séum líka með útlánabækur. En safnið er opið öllum sem geta tileinkað sér reglur þess.“

Ingibjörg Steinunn segir að safnið hafi verið á Hverfisgötunni fram til ársins 1994 en þá hafi verið opnað í Þjóðarbókhlöðunni auk þess sem Landsbókasafnið og Háskólabókasafnið sameinuðust. „Bókhlaðan hafði þá verið hátt í 20 ár í byggingu. Það voru settir sérstakir skattar sem voru svo teknir í annað og auðvitað er gríðarlegt átak að byggja svona hús. Það er reyndar merkilegt að það tók ekki langan tíma að byggja húsið við Hverfisgötuna og ekki voru menn nú eitthvað ríkari þá. En Þjóðarbókhlaðan er gríðarlega vandað og fallegt hús sem þjónar sínum tilgangi vel.“



Lessalur Landsbókasafns í Alþingishúsinu. Sjá má hrákadall á gólfinu sem þætti varla til eftirbreytni í dag.



Starfsmenn safnsins vinna að undirbúningi og uppsetningu sögusýningarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Bækur og Bónusbæklingar

Mikilvægi og þáttur Landsbókasafns í menningar- og fræðasögu þjóðarinnar á þessum 200 árum er umtalsverður. Ingibjörg Steinunn segir að það sé sérstaklega áberandi varðandi vísinda- og fræðaefni. „Þetta er ekki eins afgerandi varðandi menningarhlutann en þó höfum við varðveitt allt frá því skylduskilin voru sett á með lagabreytingu þegar safnið flutti í Alþingishúsið. Þannig að safnið fær allar íslenskar bækur sem eru gefnar út á landinu og á einnig að safna erlendis efni sem tengist Íslandi með einhverjum hætti. Þetta hefur safnið gert alla tíð þannig að menningarlega séð er minni þjóðarinnar hér, svona þetta skráða minni. Við erum með öll dagblöð og tímarit, smáprent og allt, alveg yfir í Bónusbæklingana því lögin hafa verið túlkuð þannig að allt sem hefur verið prentað, nema peningaseðlar, fer hingað ef það kallast útgáfa. Einnig var keypt skjalasafn Jóns forseta og hér er líka skjalasafn Bókmenntafélagsins og fleiri aðila sem lögðu grunninn að handritasafninu. Við erum ekki með fornhandrit heldur nýrri handrit og mikið af bréfasöfnum. Þar höfum við lagt áherslu á fólk sem er í menningu og listum.“

*En hvernig nálgist þið stafrænu byltinguna?* „Við höfum verið að vinna að því í einn og hálfan áratug og það byrjaði með því að Íslendingasögurnar voru settar á stafrænt form á sagnanetinu. Það var fyrsta stafræna verkefnið en það var unnið með Cornell-háskóla í Bandaríkjunum. Reynslan sem það skilaði okkur hefur nýst okkur í öðrum verkefnum og við erum með vefsíður þar sem þetta efni er aðgengilegt. Þar af er timarit.is langvinsælasti vefurinn og síðan erum við með vefi þar sem pappírsefnið er að fara út á netið. Við munum halda áfram á þessari braut og að auki erum við að efla hjá okkur tónlistarhlutann eftir að Tónlistarsafn Íslands var sameinað Landsbókasafninu. Að auki söfnum við öllum íslenskum vefsíðum, eins og stafrænum fréttamiðlum, þannig að þetta er ansi viðamikið enda er þetta stafræna alltaf að eflast.“



Mynd tekin í lessal Safnahússins. Jón Jónsson Aðils bókavörður í sæti sínu við enda salarins. Jón Jacobson landsbókavörður stendur og les í bók. LJÓSMYND: PÉTUR BRYNJÓLFSSON/LJÓSMYNDASAFN ÍSLANDS ÞJÓÐMINJASAFNI

# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 20. APRÍL 2018

### Tónlist

**Hvað?** Michael Jackson að eilífu!
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Menntaskóli í tónlist, Rauðagerði
Menntaskóli í tónlist heiðrar poppgoðið Michael Jackson á tónleikum. Nemendur skólans flytja alla helstu smelli meistarans í vönduðum útsetningum og glæsilegri umgjörð. Fram koma 11 söngvarar með 11 manna hljómsveit auk 6 dansara úr Chantelle Carey Elite Dance Group.

**Hvað?** Jazzhátíð Garðabæjar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Safnaðarheimili Vídalínskirkju
Í kvöld verður boðið upp á sannkallaða latín-jazzveislu í Kirkjuhvoli. Salsakommúnan er fjölmenn og spriklandi hress latín-jazzhljómsveit skipuð ungum jazztónlistarmönnum. Söngur og hljóðfæraleikur blandast skemmtilega og hnyttnir textar skemmta áheyrendum.

**Hvað?** 200.000 naglbítar á Hard Rock – Ekki deyja úr tónleikaleysi
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
200.000 naglbítar eru í banastuði og hárbeittir. Fjögur lög af nýju plötunni eru komin í spilun og hafa öll farið inn á vinsældalista. Tónleikar með Naglbítunum eru eins og svartir svanir, sjaldgæfir en sturlaðir.

**Hvað?** Kurokuma, Godchilla & Morpholith á Gauknum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Þann 20. apríl verður allsherjar dómsmálmsdansiball á Gauknum þar sem fram koma Kurokuma frá Sheffield ásamt Godchilla og Morpholith. Þessi veisla verður í tilefni sýningar The Doom Doc í Bíó Paradís daginn áður.

**Hvað?** Útgáfutónleikar Danimal & Bara Heiða á Húrra
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Tónlistarsystkinin Bara Heiða og Danimal gáfu nýlega út plötuna „Danimal – Says Hi. Bara Heiða – So Do I" sem hlaut frábærar viðtökur. Platan er einstaklega skemmtilega uppbyggð þar sem lög Danimal hljóma á fyrri helmingi plötunnar en Bara Heiða fær að njóta sín á þeim seinni – sannkölluð systkinaplata. Þau spila á Húrra.

**Hvað?** Blúsmenn Andreu
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bæjarbíó, Hafnarfirði
Hljómsveitin Blúsmenn Andreu, með söngkonuna Andreu Gylfadóttur í broddi fylkingar, hefur starfað frá árinu 1989. Sveitin er skipuð einvalaliði sem eru auk Andreu þeir Guðmundur Pétursson á gítar, Einar Rúnarsson á orgel, Jóhann Hjörleifsson á trommur og Haraldur Þorsteinsson á bassa. Tvær hljómplötur hafa komið út með Blúsmönnum þar sem finna má þverskurð af þeirri tónlist sem hljómsveitin býður upp á, sambland blues-, soul- og djasstónlistar auk laga eftir Andreu sjálfa.

### Viðburðir

**Hvað?** Föstudagspartísýning á Rocky Horror
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Alvöru partísýning þar sem fólk er hvatt til að mæta í búningi og það er auðvitað leyfilegt að syngja með.

**Hvað?** Kristján Árnason: Frelsi frá hinu þekkta.
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Lífspekifélagið, Ingólfsstræti
Kristján segir frá þýðingu sinni á bók Krishnamurtis.

**Hvað?** Bjartir dagar
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarfjörður
Gakktu í bæinn. Söfn, verslanir og vinnustofur listamanna verða opnar fram á kvöld.

**Hvað?** Hugleikur frumsýnir Hráskinnu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hugleikhúsið, Langholtsvegi
Leikfélagið Hugleikur frumsýnir þann 20. apríl kl. 20 Hráskinnu, nýtt íslenskt leikrit með söngvum. Höfundar eru fjórir, Ármann Guðmundsson, Ásta Gísladóttir, Sigríður Bára Steinþórsdóttir og Þorgeir Tryggvason en leikstjórn er í höndum Rúnars Guðbrandssonar. Sýnt er í Hugleikhúsinu, Langholtsvegi 109 (Fóstbræðrahúsinu, gengið inn baka til), en það er nýtt leikhús í eigu leikfélagsins.

**Hvað?** Adam
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Myndin gerist í listamannahverfinu Neukölln í Berlín, þar sem hinn ungi Adam stendur frammi fyrir erfiðustu ákvörðun lífs síns þegar móður hans, alkóhólsjúkri teknótónlistarkonu, er komið fyrir á stofnun.

**Blúsmenn Andreu spila í Bæjarbíói í Hafnarfirði í kvöld.**

### Sýningar

**Hvað?** Eins og er // For the Time Being
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Salur Sambands íslenskra myndlistarmanna, Hafnarstræti
Um verkin segir Steingrímur: „Málverkið hefur lítið með hugsun að gera hjá mér, heldur er það í raun og veru hugsun í sjálfu sér. Ég hugsa ekki og mála svo, heldur fylgir hugur hendi og úr verður eitthvert skemmtilega einlægt kaos. Þessi gjörningur verður að samtali við verkið sem inniheldur þá sjálfkrafa hugsun um hvert næsta skref eigi að vera og svo koll af kolli. Vinnuferlið getur þess vegna verið algjör rússíbani, kemur sífellt á óvart og verkin fara oft marga kollhnísa áður en ég ákveð að þau séu klár."

**Hvað?** Kona á skjön, farandsýning á Bókasafni Akraness
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Bókasafn Akraness
Sýningin er farandsýning, hönnuðir eru Marín Guðrún Hrafnsdóttir, bókmenntafræðingur og langömmubarn Guðrúnar frá Lundi, og Kristín S. Einarsdóttir, kennari og leiðsögumaður. Sýning um alþýðukonu sem þráði að skrifa skáldsögur og varð metsöluhöfundur nánast á einni nóttu.





BIO ★ PARADIS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Cicha Noc ENG SUB | 18:00 |
| A Gentle Creature | 17:00, 22:30 |
| Doktor Proktor & tímabaðkarið | 18:00 |
| The Rocky Horror Picture Show | 20:00 |
| Narzeczony Na Niby ENG SUB | 20:00 |
| Adam | 20:00 |
| Pitbull Ostatni Pies | 22:15 |
| Hleyptu Sól í hjartað | 22:00 |






# Tónlistarnám í takt við framtíðina





mít

Nú er opið fyrir umsóknir í **Menntaskóla í tónlist** fyrir skólaárið 2018-2019. Skólinn er stofnaður af Tónlistarskólanum í Reykjavík og Tónlistarskóla FÍH og býður upp á fjölbreytt tónlistarnám í rytmískri og klassískri tónlist. Námið er góður valkostur fyrir þá sem vilja stunda fjölbreytt tónlistarnám í skapandi og skemmtilegu umhverfi . MÍT býður upp stúdentsbraut þar sem hægt er að ljúka stúdents prófi með tónlist sem aðalnámsgrein. Einnig býður skólinn upp á almenna tónlistarbraut sem hentar metnaðarfullum nemendum á ýmsum aldri.

## MÍT opnar fyrir umsóknir

Kynntu þér námið á heimasíðu skólans: **menton.is.**
Umsóknarfrestur er til 21. apríl og inntökupróf verða haldin í lok apríl/byrjun maí.

Sótt er um námið á **menton.is.**




**SATT EÐA LOGIÐ**
KL. 20:50
Frábær sería af lygilega skemmtilegum fjölskylduþáttum sem hinn eini sanni Benedikt Valsson eða Benni stýrir af mikilli röggsemi og fær til sín góða gesti. Þetta er þátturinn sem sannar að sannleikurinn getur verið afstæður.

Frábær **Föstudagur**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**AMERICAN IDOL**
KL. 19:25
Bráðskemmtileg sería af American Idol með frábærum dómurum í hverju sæti. Hinn eini sanni Lionel Richie, Katy Perry og Luke Bryant. Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.





**SNATCHED**
KL. 21:35
Ævintýraleg spennumynd um mæðgur sem fara saman í frí til Ekvador og lenda í kröppum dansi þar. Með aðalhlutverk fara Goldie Hawn og Amy Schumer.

**LIFE**
KL. 22:00
Sex manna áhöfn alþjóðlegrar geimstöðvar tekur á móti könnunarfari sem sent var til sýnatöku á Mars og þá kemur ýmislegt óhugnanlegt í ljós.



**AMERICAN DAD**
KL. 20:05
Skemmtileg teiknimyndasería um Stan sem er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.



Allt þetta og meira til á aðeins **333 kr. á dag.**
**365.is**




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Tommi og Jenni
**07.45** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.30** Drop Dead Diva
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** The New Girl
**10.45** Restaurant Startup
**11.35** Feðgar á ferð
**12.00** Svörum saman
**12.35** Nágrannar
**13.00** Carrie Pilby
**14.35** Sundays at Tiffanys
**16.05** Mið-Ísland
**16.35** Vinir
**17.00** Curb Your Enthusiasm
**17.40** Bold and the Beautiful
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** American Idol
**20.50** Satt eða logið Frábær skemmtiþáttur sem sjónvarpsmaðurinn Benedikt Valsson stýrir af mikilli snilld en hann tekur á móti fjórum gestum í hverjum þætti sem skipa síðan tvö lið. Þátttakendur í hvoru liði fyrir sig segja sögur af sjálfum sér og andstæðingarnir eiga að geta upp á hvort sagan sé sönn eða lygi. Honum til halds og trausts eru liðstjórarnir Auðunn Blöndal og Katla Margrét.
**21.35** Snatched
**23.05** Sleight
**00.35** Passengers Spennandi mynd frá 2016 með Jennifer Lawrence, Chris Pratt, Michael Sheen og Laurence Fishburne. Myndin var tilnefnd til tvennra Óskarsverðlauna. Risageimferja er að flytja þúsundir manna til plánetu í fjarlægu sólkerfi þegar bilun í svefnbúnaði veldur því að tveir af farþegunum, þau James Preston og Aurora Lane, vakna af dásvefninum sem þau áttu að vera í, níutíu árum á undan áætlun. Eftir að þau James og Aurora vakna og átta sig á því að þeim mun ekki takast að falla í dásvefn á ný blasir við að þau þurfi að eyða því sem eftir er ævinnar í félagsskap hvort annars um borð.
**02.30** Ouija: Origin of Evil
**04.05** Rules Don't Apply

## STÖÐ 2 SPORT

**09.15** Burnley - Chelsea
**10.55** Fram - Valur
**12.25** Seinni bylgjan
**12.55** Haukar - Valur
**14.35** Domino's-körfuboltakvöld
**16.45** Seinni bylgjan
**17.15** Evrópudeildin - fréttaþáttur
**17.45** La Liga Report
**18.15** FA Cup - Preview Show
**18.45** Tindastóll - KR
**21.00** Domino's-körfuboltakvöld
**21.30** Premier League Preview
**22.00** Bundesliga Weekly
**22.30** Millwall - Fullham

## STÖÐ 2 SPORT 2

**09.35** Aston Villa - Leeds
**11.15** Middlesbrough - Bristol City
**12.55** Football League Show
**13.25** Leicester - Southampton
**15.05** Manchester United - WBA
**16.45** NBA - Playoff Games
**18.40** Millwall - Fullham
**20.45** PL Match Pack
**21.15** Premier League Preview
**21.45** Evrópudeildin - fréttaþáttur
**22.15** Tindastóll - KR
**23.55** Domino's-körfuboltakvöld

## STÖÐ 3

**19.10** The New Girl
**19.35** The Big Bang Theory
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** First Dates
**21.40** The Simpsons
**22.05** American Dad
**22.30** Bob's Burger
**22.55** Schitt's Creek
**23.20** NCIS: New Orleans
**00.30** The Big Bang Theory
**00.55** Seinfeld
**01.20** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Könnuðurinn Dóra
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Lalli
**08.30** Svampur Sveinsson
**08.55** Rasmus Klumpur og félagar
**09.00** Strumparnir
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og Litli
**10.13** Tindur
**10.27** Zigby
**10.38** Mæja býfluga
**10.50** Kormákur
**11.00** Könnuðurinn Dóra
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Lalli
**12.30** Svampur Sveinsson
**12.55** Rasmus Klumpur og félagar
**13.00** Strumparnir
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Ævintýraferðin
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Stóri og Litli
**14.13** Tindur
**14.27** Zigby
**14.38** Mæja býfluga
**14.50** Kormákur
**15.00** Könnuðurinn Dóra
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Lalli
**16.30** Svampur Sveinsson
**16.55** Rasmus Klumpur og félagar
**17.00** Strumparnir
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Ævintýraferðin
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Stóri og Litli
**18.13** Tindur
**18.27** Zigby
**18.38** Mæja býfluga
**18.50** Kormákur
**19.00** Hanaslagur



Doddi litli og Eyrnastór kl. 07.47, 11.47 og 15.47

## GOLFSTÖÐIN

**09.35** Hugel - JTPC LA Open
**12.35** Champions Tour Highlights
**13.30** Valero Texas Open
**16.30** Hugel - JTPC LA Open
**19.30** Valero Texas Open
**22.30** Hugel - JTPC LA Open

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.55** Warm Springs
**12.55** Dressmaker
**14.50** Wilson
**16.25** Warm Springs
**18.25** Dressmaker
**20.25** Wilson Gráglettin gamanmynd frá 2017 með Woody Harrelson í hlutverki Wilsons sem er einmana, taugaveiklaður, fáránlega heiðarlegur og blátt áfram miðaldra maður sem þolir ekki annað fólk og mannlegt samfélag yfirhöfuð. Hann hittir fyrrverandi eiginkonu sína á ný og í kjölfarið fær hann að kynnast hamingjunni, þegar hann kemst að því að hann á unglingsdóttur, sem hann hefur aldrei hitt.
**22.00** Life
**23.45** Miami Vice
**01.55** The Driftless Area Glæpamynd frá 2015 með Anton Yelchin og Zooey Deschanel. Hér segir frá ungum manni, Pierre, sem snýr aftur á æskuslóðirnar eftir að foreldrar hans deyja. Eftir að hann dettur ofan í brunn og er bjargað af hinni heillandi Stellu segir hún honum dálítið sem hljómar vægast sagt ótrúlega. Í framhaldinu biður hún hann um að hjálpa sér að leysa morðmál sem lögreglan gat ekki leyst vegna skorts á sönnunargögnum.
**03.30** Life
**05.50** Kramer vs. Kramer

## RÚV

**14.00** Fólkið mitt og fleiri dýr
**14.45** Kínverska aðferðin
**15.15** Úti
**15.45** Ég vil fá konuna aftur
**16.15** Alla leið
**17.20** Landinn
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Froskur og vinir hans
**18.07** Rán og Sævar
**18.18** Söguhúsið
**18.25** Fótboltasnillingar
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Draumurinn um HM
**20.10** Útsvar
**21.30** Vikan með Gísla Marteini
**22.15** Borgarsýn Frímanns
**22.35** Barnaby ræður gátuna
**00.05** Violette
**02.25** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.45** The Late Late Show with James Corden
**10.25** Síminn + Spotify
**13.00** Dr. Phil
**13.40** The Mick
**14.00** Man With a Plan
**14.20** Kokkaflakk
**15.00** Family Guy
**15.25** Glee
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** America's Funniest Home Videos
**19.30** The Voice USA
**21.00** Ant-Man
**23.00** No Strings Attached
**00.50** Rain Man
**03.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**03.45** The Walking Dead
**04.30** Penny Dreadful

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?



**Kíktu inn á atvinnuvef Fréttablaðsins og JOB.is**
á atvinna.frettabladid.is eða á www.job.is

**Glæný og fersk störf í hverri viku.**

FRÉTTABLAÐIÐ.IS job.is

# Hvítar gallabuxur í sumar

Þá er sumarið formlega komið og tími til að taka fram sumarflíkurnar. Hvítar gallabuxur eru farnar að vera mjög áberandi og en þó eru margir hræddir við þann lit. Beinar gallabuxur úr þykku efni eru nú vinsælar en þær má nota með flottu belti og svartri prjónapeysu. Ef þú ert ekki hrifin af alveg hvítu efni, þá er einnig mikið úrval til af buxum í beinhvítum lit. Litir sem passa vel við hvítar gallabuxur eru svartur, dökkblár og brúnn. Í sumar verður einnig vinsælt að vera í hvítu við hvítt, hvítar gallabuxur við eins gallajakka munu henta fyrir mörg tilefni í sumar.



Gallabuxurnar sem eru vinsælastar núna eru beinar í sniðinu og eru varla ökklasíðar.



Hvítar buxur, hvítur bolur og ljósbrún kápa fara vel saman.



Hvítar buxur, háar í mittið, eru líka mjög flottar við strigaskó og stuttermabol.



Coco Rocha heldur dressinu einföldu, í þröngri svartri peysu og hvítum ökklastígvélum.



Þessar buxur eru frá merkinu Won Hundred og fást í GK Reykjavík.

GLAMOUR
Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

Varmadælur & loftkæling
Kælitækni

• Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
• Fyrir norðlægar slóðir
• Fjarstýring fylgir
Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.
Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land
Midea It's your Idea

SUNSTAR G·U·M HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.
Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?
Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum
Tannlæknar mæla með GUM tannvörum

ARTASAN
www.artasan.is

BLÁR APRÍL

Styrktarfélag barna með einhverfu

# EINHVERFAN MÍN ER BARA HLUTI AF MÉR OG VERÐUR ÞAÐ ALLTAF

Heilsaðu upp á Maríu á blarapril.is
Hún er einhverf og hefur frá ýmsu að segja




FÁNAR
LÍMMIÐAR
AUGLÝSINGASKILTI
Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.
Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.
FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi
Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141

STENDUR EITTHVAÐ TIL?
Dimmisjón, árshátíð, annað?
Hókus Pókus
www.hókuspókus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Varmadælur & loftkæling
Kælitækni
• Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
• Fyrir norðlægar slóðir
• Fjarstýring fylgir
Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.
Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land
Midea
It's your Idea

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks
TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn



Sitjandi eru þeir Guðni Bergsson, formaður KSÍ, Ari Edwald, forstjóri MS, og Stefán Sigurðsson, forstjóri Sýnar. Fyrir aftan eru leikmenn liða sem voru boðuð á fundinn, þar á meðal liðið með bjórauglýsinguna. Slíkt féll í grýttan jarðveg hjá samtökum foreldra gegn áfengisauglýsingum.

# Ungt knattspyrnufólk á betra skilið frá KSÍ

Foreldrasamtök gegn áfengisauglýsingum undrast að við undirritun samnings um Mjólkurbikarinn hafi áfengisauglýsing á búningi sést. „Einstaklega óviðeigandi og ósmekklegt," segir formaður samtakanna.

Nýverið skrifaði KSÍ undir samning við Mjólkursamsöluna um að bikarkeppnin heiti framvegis Mjólkurbikarinn. Var nokkrum félögum boðið að vera viðstödd, meðal annars Vatnaliljum, félagi í fjórðu deild. Það félag auglýsir bjórinn Bola framan á treyjunum. Í mynd sem fylgdi fréttatilkynningu standa tveir leikmenn félagsins bak við formann KSÍ, Guðna Bergsson með áfengisauglýsinguna framan á búningnum.

Árni Guðmundsson, formaður Foreldrasamtaka gegn áfengisauglýsingum, segir að þetta sé klárt brot á 20. grein áfengislaga og er lítið skemmt. „Þetta er einstaklega óviðeigandi og ósmekklegt sem og brot á áfengislögum. Þetta er í blóra við öll helstu markmið íþróttahreyfingarinnar og alls þess æskulýðsstarfs sem þar fer fram. Með öðrum orðum algerlega óboðlegt," segir hann.

Samtökin skora á KSÍ að gera betur í þessum efnum og vanda sig betur. „Foreldrasamtök gegn áfengisauglýsingum skora á KSÍ að gera gangskör í þessum efnum og hafa í hvívetna málstað barna og gildi hreyfingarinnar í öndvegi. Ungt knattspyrnufólk á einfaldlega betra skilið en svona vitleysu," segir Árni.

Hjá KSÍ fengust þau svör að sambandið ætlaði að skoða málið.

**benediktboas@365.is**

## MIKILL MEIRIHLUTI GEGN ÁFENGISAUGLÝSINGUM

Í könnun MMR sem gerð var í janúar og birtist í vikunni kemur fram að meirihluti landsmanna segist andvígur því að leyfa birtingar áfengis- og tóbaksauglýsinga. Rúmlega 60% svarenda sögðust andvíg því að áfengisauglýsingar væru heimilaðar en þar af sögðust tæp 42% vera mjög andvíg því. Stuðningur við að heimila áfengisauglýsingar var 18%.

## 20. grein áfengislaga



Hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.

Með auglýsingu er átt við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar.

Bannið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja, enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi laganna og ekki vísað til hinnar áfengu framleiðslu.

**Undanþegið banni við áfengisauglýsingum er**

1. Auglýsingar á erlendum tungumálum í erlendum prentritum sem flutt eru til landsins, nema megintilgangur ritsins eða innflutningsins sé að auglýsa áfengi.
2. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á venjulegum búnaði til áfengisveitinga á veitingastað þar sem áfengisveitingar eru heimilaðar.
3. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á flutningatækjum áfengisframleiðanda, vöruumbúðum, bréfsefni eða öðru sem beinlínis tengist starfsemi hans.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*



Vorið er komið
MÚRBÚÐARVERÐ
29.990
Lavor SMT 160 ECO
2500W, 160 bör (245 m/túrbóstút) 510 L/klst. Þrjár stillingar: mjúk (t.d. viður), mið (t.d. bíll) og hörð (t.d. steypa).
Made by Lavor
26.490
Lavor Space 180 háþrýstidæla
2500W, 180 bör (245 m/túrbóstút), 510 L/klst. Pallabursti og felguhreinsir fylgja.
Meistar Upptínslutól /plokkari
Verð 1.570
Fyrir plokkara
Lutool 24V Li-Ion Rafhlöðuborvél
10.990
Tia Greinaklippur
1.590
Pretul greinaklippur
895
GOTT ÚRVAL AF SKÓFLUM Á GÓÐU VERÐI
1.690
Gluggaþvottakústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun
2.390
Gróðurmold 20 l.
560
40 l kr. 990
Blákorn 5 kg
1.245
Leca blómapottamöl 10 l.
990
Tia - Garðverkfæri 440 kr. pr. stk.
Portúgalskir leirpottar
Mikið úrval
Cibon Fúgu vírbursti
3x10 laga m/skafti
1.490
Grillbursti
380
Hjólbörur 80L
3.990
MARGAR GERÐIR AF HJÓLBÖRUM
Kailber Black gasgrill
3x3kw brennarar (9kw)
Kaliber
23.990
Öflugt og ódýrt
Kailber Red gasgrill
4 brennara (12KW) + hliðarhella (2.5KW)
44.990
Opið laugardag
kl. 10-16 á Kletthálsi og 10-14 í Reykjanesbæ
Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Netgíró
Betri leið til að versla
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja
ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Þórarins Þórarinssonar



# Sumar?

Árstíðirnar á Íslandi eru aðeins tvær; vetur og haust. Hvort er mörlandinn þá einfaldlega tröllheimskur eða drifinn áfram af óbilandi bjartsýni og fullkominni afneitun á reynslu kynslóðanna þegar hann flykkist í taumlausri gleði út á göturnar undir lúðrablæstri og fagnar komu sumars í lok apríl?

Við höfum þó ærið tilefni til þess að fagna á fyrsta degi hörpu, sem er samkvæmt gamla norræna tímatalinu fyrsti sumarmánuðurinn af sex! Ókei, við erum pínu klikk en mögulega hefur þessi bjartsýnisveila haldið okkur á lífi í gegnum myrkar og botnfrosnar aldirnar á Íslandi.

Geðslag þjóðarsálarinnar er beintengt náttúrunni og auðvitað verður maður dapur, geðvondur og þungur á sér og í lund í drullukulda og kolniðamyrkri mánuðum saman.

En meira að segja mitt króníska fúla geð léttist þegar ég get lagt blýþunga hermannaklossana mína, með grófmynstruðu og negldu gúmmísólunum, á hilluna og troðið mér í fisléttar Converse-strigatúttur.

Mér finnst eins og ég gangi í lausu lofti. Hjartað ólmast, eins og kanarífugl á amfetamíni, og reynir að sprengja utan af sér rimla brjóstholsins. Flögra bara eitthvert út í buskann, elska heitt og njóta þess að lifa. Frjáls.

Við erum bara einfaldlega ekkert hallærisleg þegar við tökum sumri fagnandi í apríl þegar andi okkar losnar úr klakaböndunum. Við erum að fagna lífinu sjálfu í allri sinni dýrð.

Þjóð sem hefur þraukað frá örófi alda í landi sem hefur lagt sig fram um að drepa hana, bæði líkamlega og andlega, hefur fulla ástæðu til þess að fagna eins og fífl þegar daginn tekur að lengja og fuglarnir syngja bjartar næturnar langar.

Gleðilegt sumar! Í apríl.







